# Stjórn og nefndir KSÍ

**Stjórn**
Eggert Magnússon, formaður
Halldór B Jónsson, varaformaður
Eggert Steingrímsson, gjaldkeri
Jón Gunnlaugsson, ritari
Ágúst Ingi Jónsson
Ástráður Gunnarsson
Björn Friðþjófsson
Ingibjörg Hinriksdóttir
Lúðvík S Georgsson

**Varastjórn**
Einar Friðþjófsson
Jóhannes Ólafsson
Þórarinn Gunnarsson

**Landshlutafulltrúar**
Guðmundur Ingvason, Austurland
Jakob Skúlason, Vesturland
Jóhann Ólafsson, Suðurland
Ómar Bragi Stefánsson, Norðurland

**Framkvæmdastjórn**
Eggert Magnússon, formaður
Eggert Steingrímsson
Halldór B Jónsson
Jón Gunnlaugsson
Lúðvík S Georgsson

**Starfsfólk**
Geir Þorsteinsson, framkvæmdastjóri
Birkir Sveinsson, mótastjóri
Gunnar Gylfason, landsliðsmál
Halldór Örn Þorsteinsson, mótamál
Klara Bjartmarz, mótamál
Margrét Elíasdóttir, ritari
Ómar Smárason, mótamál
Pálmi Jónsson, fjármálastjóri
Ragnheiður Elíasdóttir, mótamál
Sigurður Ragnar Eyjólfsson, fræðslustjóri
Jóhann G Kristinsson, vallarstjóri

**Landsliðsnefnd**
Eggert Magnússon, formaður
Ásgeir Sigurvinsson
Eggert Steingrímsson
Halldór B Jónsson
Jón Gunnlaugsson

**Landsliðsnefnd U21**
Jóhannes Ólafsson, formaður
Ágúst Ingi Jónsson
Lúðvík S Georgsson
Viðar Halldórsson

**Unglinganefnd**
Ástráður Gunnarsson, formaður
Björn Friðþjófsson
Steinn Halldórsson
Þórarinn Gunnarsson

**Landsliðsnefnd kvenna**
Jón Gunnlaugsson, formaður
Einar Friðþjófsson
Ingibjörg Hinriksdóttir

**Unglinganefnd kvenna**
Ingibjörg Hinriksdóttir, formaður
Gunnar Guðmundsson
Ragnheiður Víkingsdóttir

**Þjálfarar landsliða**
Atli Eðvaldsson, A lið karla
Ólafur Þórðarson, U21 lið karla
Guðni Kjartansson, U19 lið karla
Magnús Gylfason, U17 lið karla
Freyr Sverrisson, U15 lið karla
Jörundur Áki Sveinsson, A og U21 lið kvenna
Ólafur Guðbjörnsson, U19 lið kvenna
Ragnhildur Skúladóttir, U17 lið kvenna

**Læknar og aðstoðarmenn landsliða**
Sigurjón Sigurðsson, læknir A liðs karla
Böðvar Sigurjónsson, læknir A liðs karla
Hjalti Kristjánsson, læknir U21 liðs karla
Einar Jónsson, læknir U19 og U17 liða karla
Hjörtur Hauksson, læknir A liðs kvenna
Sveinbjörn Brandsson, læknir A liðs kvenna
Gunnar Sverrisson, sjúkraþj. A liðs karla
Ingólfur Geir Ingólfsson, sjúkraþj. A liðs karla
Stefán Stefánsson, sjúkraþj. A liðs karla
Sólveig Steinþórsdóttir, sjúkraþj. kvennaliða
Sveinbjörn Sveinbjörnsson, liðsstjóri A karla
Björn Gunnarsson, liðsstjóri U21 og U19 karla
Gunnlaugur Hreinsson, liðsstjóri U17 karla
Ásta B. Gunnlaugsdóttir, liðsstjóri A kvenna
Kristín Arnþórsdóttir, liðsstjóri U21 kvenna
Ingigerður Júlíusdóttir, liðsstjóri U19 kvenna
Kristrún Daðadóttir, liðsstjóri U17 kvenna
Guðmundur Hreiðarsson, aðstoðarm. A karla
Guðni Kjartansson, aðstoðarm. A karla

**Mótanefnd**
Halldór B Jónsson, formaður
Atli Þórsson
Ágúst Ingi Jónsson
Björn Friðþjófsson
Ingibjörg Hinriksdóttir

**Dómaranefnd**
Halldór B Jónsson, formaður
Eysteinn Guðmundsson
Ingi Jónsson
Kári Gunnlaugsson
Sigurður Hannesson

**Aganefnd**
Ágúst Ingi Jónsson, formaður

Gunnar Guðmundsson
Sigurður I Halldórsson
Ásgeir Ármannsson (til vara)
Einar M Árnason (til vara)
Helgi R Magnússon (til vara)

**Háttvísinefnd**
Atli Eðvaldsson
Jörundur Áki Sveinsson
Óskar Jónsson
Víðir Sigurðsson

**Samninga- og félagaskiptanefnd**
Þórarinn Gunnarsson, formaður
Lúðvík S Georgsson
Steinar Þór Guðgeirsson
Guðmundur H Pétursson (til vara)
Jóhann Albertsson (til vara)
Páll Bragason (til vara)

**Fræðslunefnd**
Lúðvík S Georgsson, formaður
Ástráður Gunnarsson
Guðni Kjartansson
Ingibjörg Hinriksdóttir
Kristinn Björnsson
Örn Ólafsson

**Laga- og leikreglnanefnd**
Lúðvík S Georgsson, formaður
Páll Bragason
Steinar Þór Guðgeirsson

**Mannvirkjanefnd**
Lúðvík S Georgsson, formaður
Ásthildur Helgadóttir
Jón Runólfsson
Kristján Ásgeirsson
Þorbergur Karlsson

**Fjárreiðunefnd**
Eggert Magnússon, formaður
Eggert Steingrímsson
Geir Þorsteinsson
Pálmi Jónsson

**Kjörnefnd**
Viðar Halldórsson, formaður
Árni Óðinsson
Stefán Gunnlaugsson

**Rekstrarstjórn Laugardalsvallar**
Eggert Magnússon, formaður
Eggert Steingrímsson
Geir Þorsteinsson
Ómar Einarsson
Reynir Ragnarsson

**Dómstóll KSÍ**
Gunnar Guðmundsson, formaður
Ásbjörn Jónsson
Halldór Frímannsson
Halldór Halldórsson
Hilmar Gunnlaugsson

**Áfrýjunardómstóll KSÍ**
Jón Steinar Gunnlaugsson, forseti
Jón Gunnar Zoëga
Guðmundur Jónsson
Lúðvík Örn Steinarsson (til vara)
Guðmundur Þórðarson (til vara)
Helgi V. Jónsson (til vara)
Jóhannes Albert Sævarsson (til vara)

**Kjörnir skoðunarmenn KSÍ**
Hannes Þ Sigurðsson
Haukur Gunnarsson
Reynir Karlsson (til vara)
Þórður Þorkelsson (til vara)

**Nefnd um þátttökuleyfi í efstu deild**
Lúðvík S Georgsson, formaður
Eggert Steingrímsson
Geir Þorsteinsson
Guðjón Guðmundsson
Jónas Þórhallsson

**EM 2008 á Norðurlöndum**
Eggert Magnússon, formaður
Geir Þorsteinsson

**Lækna- og heilbrigðisnefnd**
Sigurjón Sigurðsson, formaður
Böðvar Örn Sigurjónsson
Einar Jónsson
Gunnar Sverrisson
Sveinbjörn Brandsson

**Milliþinganefnd um samninga og félagaskipti**
Lúðvík S Georgsson, formaður
Björn Guðbjörnsson
Páll Bragason
Steinar Þór Guðgeirsson

**Undirbúningsnefnd NM U17 kvenna 2002**
Lúðvík S Georgsson, formaður
Anna Vignir
Halldór B Jónsson
Ingibjörg Hinriksdóttir

**Nefnd um aldursskiptingu í 2. flokki**
Halldór B Jónsson, formaður
Björn Friðþjófsson
Grímur Friðgeirsson
Vignir Þormóðsson
Magnús Einarsson

# Skýrsla landsliðsnefndar

Í nefndinni sátu Eggert Magnússon, formaður, Ásgeir Sigurvinsson, Eggert Steingrímsson, Halldór B Jónsson og Jón Gunnlaugsson. Með nefndinni störfuðu Geir Þorsteinsson og Gunnar Gylfason. Þjálfari landsliðsins var Atli Eðvaldsson, honum til aðstoðar voru Guðmundur Hreiðarsson og Guðni Kjartansson, læknar voru Sigurjón Sigurðsson og Böðvar Sigurjónsson. Gunnar Sverrisson, Ingólfur Geir Ingólfsson og Stefán Stefánsson voru sjúkraþjálfarar og liðsstjóri Sveinbjörn Sveinbjörnsson.

**Verkefni og leikmenn**

Landsliðið lék á árinu 9 leiki, 2 leiki í undankeppni EM 2004, og sjö vináttuleiki. Sigur vannst í tveimur leikjum, tveimur leikjum lauk með jafntefli, en fimm leikir töpuðust. Í þessum leikjum léku 46 leikmenn, þar af 10 nýliðar, en það voru þeir Atli Knútsson, Atli Sveinn Þórarinsson, Baldur Aðalsteinsson, Grétar Hjartarson, Grétar Rafn Steinsson, Guðmundur Steinarsson, Hjálmar Jónsson, Kjartan Sturluson, Ólafur Þór Gunnarsson, Stefán Gíslason og Þorvaldur Makan Sigbjörnsson. Árni Gautur Arason tók þátt í flestum landsleikjum ársins, eða 8 af 9 leikjum, og þrír leikmenn tóku þátt í 7 leikjum, þeir Ívar Ingimarsson, Marel Baldvinsson og Ólafur Stígsson. Rúnar Kristinsson heldur áfram að bæta landsleikjametið í hverjum leik og hefur hann nú leikið 95 landsleiki. Árni Gautur Arason og Pétur Marteinsson léku sinn 25. landsleik, gegn Eistlandi í nóvember.

**Vináttulandsleikir**

Árið byrjaði með tveimur landsleikjum á Arabíuskaga. Fyrst var leikið gegn Kuwait í Oman og lyktaði leikunum með markalausu jafntefli. Síðari leikurinn í þessari ferð var gegn Saudi-Arabíu í Riyadh og tapaðist hann 0-1. Næst var haldið til Brasilíu í mars og leikið gegn heimamönnum, sem unnu 6-1 sigur. Noregur var næsti viðkomustaður og varð 1-1 jafntefli niðurstaðan, en leikið var í maí. Um haustið voru leiknir 3 leikir, tveir heima og einn úti. Fyrst vannst sigur á Andorra 3-0 á Laugardalsvelli í ágúst en síðan kom tap gegn Ungverjum á sama stað 0-2 í september. Síðasti leikur ársins var gegn Eistlandi ytra í nóvember og tapaðist sá leikur 2-0.

**EM 2004**

Dregið var í riðla í undankeppni Evrópumóts landsliða 2004 í janúar og dróst Ísland í riðil með Þýskalandi, Skotlandi, Litháen og Færeyjum. Keppnin hófst um haustið með tveimur heimaleikjum í október. Fyrst var leikið gegn Skotum sem unnu 0-2 sigur. Leikið var gegn Litháum fjórum dögum síðar og vannst góður 3-0 sigur. Keppnin hefst aftur á vormánuðum með útileik gegn Skotum og lýkur haustið 2003.

**Lokaorð**

Árið var viðburðaríkt hjá A landsliðinu með níu landsleikjum í þremur heimsálfum allt frá Cuiabá í Brasilíu í suðri til Bodö fyrir norðan heimskautsbaug, frá eyðimörkum Saudi-Arabíu til snæviþakins leikvallar í Eistlandi, og síðast en ekki síst tveir mikilvægir heimaleikir í undankeppni EM eru að baki sem skiluðu 3 stigum í hús.

Á árinu 2003 verða leiknir 6 leikir í undankeppni EM. Fjórir útileikir, gegn Skotum, Litháum, Færeyingum og Þjóðverjum og einnig heimaleikir gegn þeim tveimur síðast töldu. Þessir leikir ráða miklu um stöðu íslenska landsliðsins á alþjóðavettvangi og því er mikilvægt að góður árangur náist.
Að lokum vil ég þakka landsliðsþjálfaranum, aðstoðarmönnum hans, leikmönnum og nefndarmönnum gott samstarf á árinu.

Eggert Magnússon, formaður

# Skýrsla U21 landsliðsnefndar

Nefndina skipuðu Jóhannes Ólafsson, formaður, Ágúst Ingi Jónsson, Lúðvík S. Georgsson og Viðar Halldórsson. Starfsmaður nefndarinnar var Gunnar Gylfason. Landsliðsþjálfari var Ólafur Þórðarson og honum til aðstoðar Magnús Gylfason. Hjalti Kristjánsson var læknir liðsins og Björn Gunnarsson liðsstjóri.

**Verkefni**
Liðið lék fjóra leiki á árinu, tvo vináttuleiki og tvo leiki í undankeppni Evrópumótsins en þar erum við í riðli með Þjóðverjum, Skotum og Litháum.
Fyrsti leikurinn var vináttuleikur gegn Frökkum í Brive í Frakklandi. Vitað var að Frakkarnir væru með sterkt lið og eftir markalausan fyrri hálfleik gerðu þeir tvö mörk á fyrstu tíu mínútum síðari hálfleiks. Okkar menn minnkuðu muninn á 83. mínútu og þannig lauk leiknum 2-1 fyrir heimamenn. Íslenska liðið þótti leika vel og átti nokkur ágæt færi til að skora sem nýttust ekki.
Næsti leikur var einnig vináttuleikur, gegn Ungverjum á Egilsstöðum. Þann leik unnum við 1-0 og höfðum nokkra yfirburði, sérstaklega eftir að tveimur leikmönnum Ungverja var vikið af leikvelli, en tókst ekki að bæta við mörkum.
Fyrsti leikurinn í Evrópukeppninni var gegn Skotum á Kaplakrikavelli. Jafnræði var með liðunum í fyrri hálfleik, en Skotar gerðu fyrra mark sitt eftir um 10 mínútna leik. Íslenska liðið var mun sterkara í síðari hálfleik, en tókst ekki að skapa sér afgerandi marktækifæri. Skotar bættu við öðru marki eftir skyndisókn í blálokin eftir stífa pressu íslenska liðsins að skoska markinu.
Síðasti leikur ársins var svo gegn Litháum á Akranesi fjórum dögum síðar. Gestirnir náðu forystunni um miðbik fyrri hálfleiks, en við jöfnuðum á 43. mínútu úr vítaspyrnu. Íslenska liðið sótti linnulítið í síðari hálfleik, en þrátt fyrir nokkur ákjósanleg færi tókst liðinu ekki að skora. Það tókst Litháum hins vegar eftir vel útfærða skyndisókn og urðu lyktir leiksins því 1-2 ósigur.

**Leikmenn**
Það voru 20 leikmenn sem léku þessa fjóra leiki og að auki voru 2 valdir í hóp en spiluðu ekki og átta leikmenn léku alla leiki ársins. Eins og venjan er þegar ný keppni hefst þá léku margir leikmenn sína fyrstu U21 landsleiki eða 14 leikmenn alls, þeir Andri Fannar Ottósson, Björn Viðar Ásbjörnsson, Daði Guðmundsson, Davíð Þór Viðarsson, Ellert Jón Björnsson, Gunnar Heiðar Þorvaldsson, Hannes Sigurðsson, Haraldur Freyr Guðmundsson, Hjálmur Dór Hjálmsson, Jökull I. Elísabetarson, Ólafur Ingi Skúlason, Magnús Þorsteinsson, Sigmundur Kristjánsson og Viktor B. Arnarsson. Indriði Sigurðsson var fyrirliði liðsins í öllum leikjum ársins.

**Lokaorð**
Það að tapa tveimur fyrstu leikjunum í undankeppni Evrópumótisns verða að teljast vonbrigði. Sérstaklega þar sem að þeir voru báðir á heimavelli og gegn liðum sem við eigum að geta unnið. Einnig var undirbúningurinn búinn að vera góður og markviss og liðið búið að leika tvo æfingaleiki. En það eru fjórir leikir eftir í keppninni þar sem tækifæri gefst til að snúa blaðinu við. Ólafi og aðstoðarmönnum hans þakka ég gott samstarf á árinu sem og samstarfsmönnum mínum í í nefndinni og starfsfólki KSÍ.

Jóhannes Ólafsson, formaður

# Skýrsla unglinganefndar

Nefndina skipuðu Ástráður Gunnarsson, formaður, Þórarinn Gunnarsson, Björn Friðþjófsson og Steinn Halldórsson. Starfsmaður nefndarinnar var Gunnar Gylfason.

Starfssvið nefndarinnar var sem fyrr umsjón með drengja- og unglingalandsliðum Íslands. Guðni Kjartansson og Magnús Gylfason voru áfram þjálfarar liðanna, Guðni með unglingaliðið og Magnús með drengjaliðið. Freyr Sverrisson var ráðinn til Knattspyrnusambandsins sem þjálfari U15 landsliðs og til að aðstoða þá Guðna og Magnús í verkefnum landsliðanna. Liðsstjórar liðanna voru þeir sömu og síðasta ár, Björn Gunnarsson með unglingaliðinu og Gunnlaugur Hreinsson með drengjaliðið og læknir beggja liðanna var Einar Jónsson.

**U17 - Drengjalandsliðið skipað leikmönnum fæddum 1985 og síðar**
Í apríl fór U17 landsliðið til Spánar og tók þar þátt í átta liða móti sem heimamenn buðu til og lék þar þrjá leiki. Fyrst var leikið gegn Georgíu sem unnu 3-1 sigur með tveimur mörkum í lokin eftir að okkar menn höfðu jafnað um miðjan fyrri hálfleik. Næst var leikið gegn Azerbaijan sem unnu í vítaspyrnukeppni eftir að jafnt var eftir venjulegan leiktíma 2-2. Við komust yfir í byrjun leiks en síðan skorðu Azerarnir tvö mörk áður en við náðum að jafna. Síðasti leikurinn í þessari ferð var gegn Moldavíu og þar vannst 2-0 sigur.

**U17 - Drengjalandsliðið skipað leikmönnum fæddum 1986 og síðar**
Að venju voru tvö verkefni fyrir þetta lið, Opna Norðurlandamótið og undankeppni Evrópumótsins.

*Norðurlandameistarar - Opna Norðurlandamótið*
Mótið fór að þessu sinni fram í Svíþjóð dagana, 30. júlí - 3. ágúst og var íslenska liðið í riðli með Slóvökum, Dönum og Finnum.
Fyrsti leikurinn var gegn Slóvakíu. Íslenska liðið var í heildina séð sterkara liðið í leiknum en tókst ekki að knýja fram sigur og markalaust jafntefli var niðurstaðan. Næsti leikur var gegn Dönum. Eftir markalausan fyrri hálfleik brutu okkar menn ísinn um miðjan síðari hálfleik og bættu svo tveimur mörkum við undir lokin og unnu góðan 0-3 sigur. Síðasti leikurinn í riðlinum var gegn Finnum, en fyrir leikinn var ljóst að með sigri myndum við tryggja okkur sigur í riðlinum og spila til úrslita í mótinu og jafntefli myndi jafnvel duga. Við komumst yfir á 19. mínútu en Finnar jöfnuðu tveimur mínútum síðar og þar við sat. Jafnteflið tryggði okkur efsta sætið í riðlinum og jafnframt Norðurlandameistaratitilinn sem efsta Norðurlandaþjóðin.
Úrslitaleikurinn í mótinu var gegn Englendingum sem höfðu unnið alla sína leiki í hinum riðli mótsins. Enska liðið var sterkara í leiknum en gekk illa að skora gegn okkur og var staðan 0-0 eftir venjulegan leiktíma. Englendingar skoruðu svo gullmark í framlengingunni sem fylgdi og tryggðu sér sigur í mótinu. Árangur liðsins var mjög góður og er þetta í fyrsta sinn sem Ísland verður Norðurlandameistari í þessum aldursflokki.
Í lok mótsins var Jóhann Ólafur Sigurðsson valinn besti markmaður mótsins og íslenska liðið krýnt Norðurlandameistari 2002.

*Evrópukeppnin*
Okkar riðill fór fram hér á landi í september. Nokkrar vonir voru bundnar við liðið eftir góðan árangur á Norðurlandamótinu og vegna þess að við vorum á heimavelli, en ljóst var að við myndum mæta sterkum andstæðingum, Svisslendingum, Ísraelum og Armenum.
Fyrsti leikurinn var gegn Ísraelum á Akranesi. Ísraelar voru heldur sterkari aðilinn í leiknum, en hvorugu liði tókst þó að skapa sér mikið af færum og endaði leikurinn með markalausu jafntefli. Annar leikurinn var gegn Sviss í Keflavík. Vitað var að Sviss var með sterkt lið, en þeir eru núverandi Evrópumeistarar í aldursflokknum. Voru þeir sterkari aðilinn í leiknum, skoruðu tvö mörk í fyrri hálfleik og áttu 2-0 sigur skilinn. Þriðji og síðasti leikurinn var gegn Armenum á Víkingsvelli. Armenar komust yfir um miðjan síðari hálfleik, en íslenska liðið jafnaði á síðustu mínútunum og leiknum lauk 1-1.
Ísraelar unnu riðilinn, fengu 7 stig, og Sviss varð númer tvö með 6 stig og komust þessi tvö lið áfram í milliriðla, íslenska liðið varð í þriðja sæti með 2 stig og Armenar ráku lestina með eitt stig. Liðið var ekki að leika eins vel í þessum þremur leikjum og á Norðurlandamótinu.

Í næstu Evrópukeppni leikur Ísland í riðli með Rússlandi, Albaníu og Litháen.

**U19 - Unglingalandsliðið skipað leikmönnum fæddum 1984 og síðar**
Verkefni liðsins voru líkt og undafarin ár þátttaka í Evrópukeppninni og einn vináttulandsleikur.

*Vináttuleikur*
Leikið var gegn Norðmönnum í Osló í byrjun október. Eftir hálftíma leik var staðan orðin 3-0 Norðmönnum í vil, en við minkuðum muninn í 3-1 fyrir hálfleik. Síðari hálfleikur var jafnari og skoruðu bæði liði 2 mörk og leiknum lauk 5-3.

*Evrópukeppni*
Ísland var í riðli með Slóveníu, Júgóslavíu og Skotlandi og var leikið í Slóveníu 21.-25. október. Fyrsti leikurinn var gegn Júgóslövum. Þrátt fyrir að einum leikmanni þeirra væri vikið af leikvelli eftir aðeins 3 mínútur skoruðu þeir tvö mörk í fyrri hálfleik og leiddu 2-0 þegar öðrum leikmanni þeirra var vikið af leikvelli í byrjun þess síðari. 15 mínútum fyrir leikslok misstum við mann að velli með rautt spjald (tvö gul) og Júgóslavarnir skoruðu sitt þriðja mark áður en við minnkuðum muninn í lokin og þannig lauk leiknum, 1-3. Annar leikurinn var gegn Slóvenum. Jafnræði var með liðunum í fyrri hálfleik, en heimamenn náðu forystunni skömmu áður en flautað var til leikhlés. Í upphafi síðari hálfleiks var einum leikmanni Slóvena vísað af leikvelli, en þrátt fyrir það tókst þeim að gera annað mark áður en við minnkuðum muninn. Undir lok leiksins var einum okkar manna vísað af leikvelli og því jafnt í liðunum er leiknum lauk með 2-1 sigri Slóvena. Lokaleikur liðsins var gegn Skotum og náðum við forystunni á 4. mínútu, en Skotar jöfnuðu á lokamínútu fyrri hálfleiks. Skoska liðið missti síðan mann út af um miðjan síðari hálfleik og voru tveimur færri þegar þeir skoruðu sigurmarkið á 87. mínútu, en öðrum leikmanni þeirra hafði verið vísað af leikvelli skömmu áður.
Slóvenar og Júgóslavar komust áfram í milliriðla á hagstæðari markatölu en Skotar en öll þessi lið hlutu 6 stig. Okkar lið rak lestina án stiga.

Í næstu Evrópukeppni leikur Ísland í riðli með Ísrael, Moldavíu og Hollandi.

**Úrtökumót**
Hið árlega úrtökumót fór fram að Laugarvatni í ágúst. Þar komu saman tæplega 70 drengir og fór mótið vel fram, en Freyr Sverrisson hafði umsjón með mótinu. Úrtökumót þetta er haldið vegna vals á drengjum sem eru gjaldgengir í drengjalandsliðið á næsta ári og mun hluti þessa hóps koma saman til æfinga í vetur. Í nóvember sl. voru svo boðaðir um 35 drengir á æfingar sem verða hlutgengir á úrtökumótið 2003. Er þetta í fyrsta skipti sem svo ungir leikmenn eru boðaðir á æfingar og er þetta liður í því að svipast fyrr um eftir efnilegum leikmönnum.

**Heimsókn á Egilsstaði**
Í sumar fóru landsliðsþjálfararnir Magnús og Freyr ásamt Gunnlaugi liðsstjóra til Egilsstaða og voru með tvær æfingar fyrir drengi af Austfjörðum. Þótti þetta mjög takast vel og vonandi lyftistöng fyrir unga og efnilega knattspyrnumenn af Austfjörðum.

**Lokaorð**
Á árinu léku yngri liðin 14 leiki, unnu tvo, gerðu fimm jafntefli en sjö leikir töpuðust. Vonbrigði voru með árangurinn í Evrópumótunum þar sem ekki vannst leikur og hvorugt liðið komst áfram í milliriðla.
Verkefni næsta árs eru hefðbundin, drengjaliðið tekur þátt í Norðurlandamóti sem fram fer í Svíþjóð og þá tekur liðið einnig þátt í Evrópukeppni. Unglingaliðið tekur þátt í Evrópukeppni eins og undanfarin ár, Þá verða leiknir tveir leikir gegn Skotum í Skotlandi í lok apríl til undirbúnings Evrópukeppninni.

Ástráður Gunnarsson, formaður

# Skýrsla landsliðsnefndar kvenna

Landsliðsnefnd kvenna var skipuð eftirtöldum árið 2002: Jón Gunnlaugsson, formaður, Einar Friðþjófsson, Ingibjörg Hinriksdóttir. Starfsmaður nefndarinnar var Klara Bjartmarz.

Eftir síðasta ársþing var ákveðið að tvískipta kvennanefnd KSÍ í landsliðsnefnd kvenna og unglinganefnd kvenna. Hlutverk landsliðsnefndar er umsjón með A-landsliði og U21 liði kvenna.

Jörundur Áki Sveinsson var landsliðsþjálfari A og U21 en Auður Skúladóttir var honum til aðstoðar með U21 liðið og fylgdi því á Norðurlandamótið í Finnlandi. Guðmundur Hreiðarsson var Jörundi innan handar með A-liðið. Sólveig Steinþórsdóttir var sjúkraþjálfari liðanna. Læknar A-liðsins voru þeir Sveinbjörn Brandsson og Hjörtur Þór Hauksson. Liðsstjórar voru þær Ásta B. Gunnlaugsdóttir (A) og Kristín Anna Arnþórsdóttir (U21).

**A-landslið**
Í ár var framhaldið riðlakeppni fyrir Heimsmeistarakeppni kvennalandsliða, en úrslitakeppnin fer fram í Kína haustið 2003. Íslenska liðið þurfti að fylgja eftir góðum árangri fyrra árs og ljóst var að möguleikar liðsins á að komast í umspil HM voru þó nokkrir. Í byrjun maí hófst undirbúningur fyrir leikina í HM og lá leið liðsins til Gautaborgar þar sem liðið lék vináttuleik gegn sterku liði heimamanna. Sá leikur tapaðist 0-6 en var mikilvægur undirbúningur fyrir komandi átök. Nýliði í þessum leik var Elín Anna Steinarsdóttir.

Þann 18. maí var síðan leikið við Rússa ytra og fór leikurinn fram á Seliatino leikvellinum sem er skammt frá Moskvu. Leikurinn var frá upphafi jafn og spennandi en markalaust var í hálfleik. Rússar tóku forystuna á 53. mínútu, en Olga Færseth jafnaði metin á 82. mínútu eftir langa aukaspyrnu frá Þóru Helgadóttur, markverði íslenska liðsins. Okkar stúlkur voru sterkari í síðari hálfleik og voru nærri því en Rússarnir að setja annað mark. Jafntefli var þó sanngjörn niðurstaða og mjög ásættanleg fyrir okkar lið á erfiðum útivelli.

Þann 30. maí hélt ævintýri heimaleikjanna áfram, en þá var tekið á móti Spánverjum á Laugardalsvelli Stelpurnar okkar lögðu Spán örugglega, 3-0. Tölurnar gefa rétta mynd af leiknum því íslenska liðið var mun sterkara á flestum sviðum. Markalaust var í hálfleik, en fyrsta markið kom strax í upphafi þess síðari. Skot að marki fór í varnarmann, breytti um stefnu og hafnaði í netinu. Annað markið kom á 60. mínútu, Margrét Ólafsdóttir skaut að marki og enn fór knötturinn í netið af varnarmanni. Ásthildur Helgadóttir gulltryggði svo sigurinn á 80. mínútu með góðum skalla. Alls lögðu 2.240 manns leið sína í Laugardalinn til að styðja stelpurnar og kunnu þær svo sannarlega að meta það. Áhorfendametið var slegið svo um munaði, því fyrra metið var 1.250 manns í sigurleik gegn Ítölum í fyrra. Íslenska liðið var komið í lykilstöðu fyrir síðasta leikinn í riðlinum, gegn Ítölum á útivelli 8. júní, en þar dugði jafntefli liðinu til að komast áfram í umspil. Björg Ásta Þórðardóttir og Dóra Stefánsdóttir voru nýliðar í leiknum.

Útileikurinn gegn Ítalíu fór fram á eyjunni Sardiníu og ljóst var að Ítalir myndu leggja allt undir. Í upphafi leiksins var jafnræði með liðunum en þegar líða tók á leikinn færði ítalska liðið sig framar á völlinn og við að sama skapi aftar. Linnulitlar sóknir buldu á íslensku vörninni en með góðu skipulagi, aga, skynsemi og baráttuanda tókst íslenska liðinu að koma í veg fyrir að það ítalska fengi góð marktækifæri. Jafnteflið tryggði okkar stúlkum 2. sætið í riðlinum og þar með áframhaldandi þátttöku í keppninni og ljóst var að framundan voru tveir leikir við Englendinga, heima og heiman. Ísland hefur einu sinni áður komist í umspil fyrir stórmót, en A landslið kvenna lék einmitt gegn Englandi í 16-liða úrslitum EM 1994.

Fyrri leikurinn gegn Englandi var leikinn mánudaginn 16. september kl. 17:00 á Laugardalsvelli. Þrátt fyrir þennan óvenjulegan leiktíma var enn á ný slegið áhorfendamet á kvennalandsleik í knattspyrnu. Mættir voru 2.980 áhorfendur sem studdu dyggilega við bakið á baráttuglöðu íslensku liði. Liðið var reyndar lengur að komast í gang en náði þó tvisvar forystunni í leiknum, fyrst á 42. mínútu með marki

frá Olgu Færseth, en Englendingar jöfnuðu metin á lokamínútu fyrri hálfleiks. Erla Hendriksdóttir kom Íslandi aftur yfir eftir 55 mínútna leik, en aftur jöfnuðu Englendingar á 86. mínútu. Lokatölur leiksins voru því 2-2 og voru vonbrigðin mikil því sigur á heimavelli hefði verið frábært veganesti í útileikinn. Margrét R. Ólafsdóttir náði þeim árangri í þessum leik að verða fyrst íslenskra knattspyrnukvenna til að ná 50 A-landsleikjum og fékk í viðurkenningarskyni málverk frá KSÍ. Margrét er jafnframt leikjahæsta landsliðskonan frá upphafi.

Seinni leikurinn gegn Englandi fór fram á St. Andrews vellinum í Birmingham 22. september og ekkert annað en sigur dugði íslenska liðinu. Mikil spenna var í loftinu en tvísýnt um meiðsli og veikindi lykilleikmanna og setti það strik í reikninginn í undirbúningi íslenska liðsins. Eins og í fyrri leiknum var íslenska liðið lengi í gang en fékk góð færi úr skyndisóknum. Jafnræði var með liðunum fram yfir hálfleik en þá átti íslenska liðið ekki önnur úrræði en að færa sig framar á völlinn og freista þess að skora mark. Við það opnaðist vörn íslenska liðsins og náði enska liðið að skora sigurmark sitt þegar skammt var til leiksloka. Draumurinn um sæti á HM var úti en íslenska liðið gat borið höfuðið hátt eftir undankeppni HM, að komast í hóp 8 bestu liða í Evrópu er frábær árangur. Ásthildur Helgadóttir náði þeim áfanga að leika sinn 50. landsleik í Birmingham.

Árið 2003 hefst undankeppni fyrir Evrópumótið 2005. Dregið var í riðla þann 5. desember síðastliðinn og höfnuðum við í sterkum riðli með Rússum, Frökkum, Ungverjum og Pólverjum.

**U21**

Fyrsta verkefni ársins var vináttuleikur gegn Finnlandi á Selfossi í byrjun júlí sem tapaðist, 0-1. Norðurlandamótið fór fram í júlí í Turku í Finnlandi, en íslenska liðið var í geysisterkum riðli. Í fyrsta leiknum tapaði íslenska liðið 0-4 gegn Norðmönnum. Annar leikur liðsins var gegn Þjóðverjum og tapaðist hann einnig 0-4. Sá þriðji var gegn Svíþjóð og tapaðist hann 0-3. Hlutskipti íslenska liðsins var því að leika um 7. sætið gegn Grikkjum. Staðan að loknum venjulegum leiktíma var jöfn, 1-1, en íslenska liðið hafði betur í vítaspyrnukeppni, 3-0. Laufey Jóhannsdóttir gerði mark Íslands í leiknum.

**Lokaorð**

Árangur A-landsliðsins er með því allra besta sem íslenskt knattspyrnulandslið hefur náð og eiga leikmenn liðsins, þjálfari þess og aðrir starfsmenn mikið hrós skilið. Ljóst er að ákveðin hugarfarsbreyting hefur átt sér stað hjá leikmönnum okkar sem skilaði sér í frábærum árangri. Þessum góða árangri þurfum við að fylgja eftir með markvissu starfi innan knattspyrnusambandsins. Þá er það lykilatriði að félög innan vébanda KSÍ taki virkan þátt í þeirri uppbyggingu sem átt hefur sér stað innan knattspyrnuhreyfingarinnar og endurspeglast í þeim góða árangri sem A-liðið náði á árinu 2002.

U21 liðið átti erfitt uppdráttar á árinu, enda voru mótherjar liðsins meðal sterkustu knattspyrnuþjóða í Evrópu. Það er þó mjög mikilvægt fyrir okkur að taka þátt í þessum verkefnum, meðal annars til að gefa leikmönnum okkar eins mikla reynslu á alþjóðlegum vettvangi og hægt er.

Að lokum vil ég þakka þjálfurum, starfsmönnum landsliðanna, samstarfsfólki mínu í landsliðsnefnd kvenna, starfsmanni nefndarinnar og öðrum þeim sem hafa aðstoðað okkur á árinu fyrir vel unnin störf og ánægjulegt samstarf.

Jón Gunnlaugsson, formaður

# Skýrsla unglinganefndar kvenna

Unglinganefnd kvenna var skipuð eftirtöldum árið 2002: Ingibjörg Hinriksdóttir, formaður, Gunnar Guðmundsson, Ragnheiður Víkingsdóttir. Starfsmaður nefndarinnar var Klara Bjartmarz.

Hlutverk unglinganefndar er umsjón með U19 og U17 landsliðum kvenna. Ólafur Þór Guðbjörnsson var þjálfari U19 og Ragnhildur Skúladóttir var þjálfari U17. Sólveig Steinþórsdóttir var sjúkraþjálfari liðanna. Liðsstjórar voru þær Ingigerður Júlíusdóttir (U19) og Kristrún Lilja Daðadóttir (U17).

**U19**

Í ár var leikið samkvæmt nýju fyrirkomulagi í Evrópukeppninni, en ekki var undankeppni eins og verið hefur undanfarin ár. Íslenska liðið var í erfiðum riðli en í ljósi árangurs undanfarinna ára voru vonir bundnar við það að íslenska liðið kæmist upp úr riðli sínum. Riðlakeppnin fór fram í byrjun október í Póllandi. Allar aðstæður voru eins og best verður á kosið en íslenska liðið náði sér engan veginn á strik. Fyrsti leikur liðsins var við Bosníu-Herzegóvíníu og þrátt fyrir mörg færi tókst íslenska liðinu ekki að skora mark fyrr en á 89. mín. og var þar Kristín Ýr Bjarnadóttir á ferð. Tveimur dögum seinna var leikið við heimamenn. Íslenska liðið átti fleiri færi í miklum markaleik en eins og fyrr eru það mörkin en ekki færin sem telja þegar upp er staðið. Leiknum lauk með sigri Pólverja 5-2. Hólmfríður Magnúsdóttir og Margrét Lára Viðarsdóttir skoruðu mörk Íslands. Lokaleikur liðsins var gegn Belgíu og þurfti íslenska liðið á sigri að halda til að eiga möguleika á áframhaldandi keppni, svo og að treysta á hagstæð úrslit úr hinum leiknum í riðlinum. Íslenska liðið lék sinn besta leik í keppninni en þurfti að sætti sig við jafnan hlut 2-2 eftir að hafa leikið manni færri í 30 mín. Margrét Lára skoraði bæði mörk Íslands. Íslenska liðið hafnaði í 3. sæti síns riðils og lauk þar með þátttöku sinni í Evrópukeppninni.

Þann 5. desember sl. var dregið í Evrópukeppni U19 kvenna og hafnaði íslenska liðið í riðli með Tékklandi, Slóvakíu og Lettlandi. Ólafur Þór Guðbjörnsson var endurráðinn þjálfari liðsins og mun hann stýra því næstu tvö tímabil.

**U17**

Norðurlandamót U17 kvenna fór fram hér á landi í byrjun júlí. Leikið var við frábærar aðstæður í Reykjavík og nágrenni. Íslenska liðið hóf leik sinn á Grindavíkurvelli og minnti rækilega á sig í fyrsta leik sínum á heimavelli. Finnar voru lagðir 3-0 og skoruðu Dóra María Lárusdóttir (2 mörk) og Inga Lára Jónsdóttir mörk Íslands. Næsti leikur íslenska liðsins fór fram á Varmárvelli gegn Dönum og þrátt fyrir ágætan leik mátti liðið sætta sig við tap, 2-4. Dóra Stefánsdóttir og Margrét Lára Viðarsdóttir skoruðu mörk Íslands. Þriðji leikur Íslands fór fram á Valsvelli tveimur dögum síðar og var þá leikið gegn Þýskalandi. Þegar skammt var til leiksloka var íslenska liðið undir 0-1 en með mikilli þrautseigju og baráttu náðu stelpurnar okkar að knýja fram jafntefli með marki Dóru Maríu Lárusdóttur. Íslenska liðið hafnaði í öðru sæti síns riðils og lék því um þriðja sæti Norðurlandamótsins við Hollendinga. Leikurinn fór fram á KR-velli og er skemmst frá því að segja að íslenska liðið átti stórleik og vann öruggan sigur 2-0. Bæði mörk Íslands skoraði Dóra Stefánsdóttir, fyrirliði íslenska liðsins. Árangur liðsins er besti árangur íslenskra kvennalandsliða á Norðurlandamótum. Úrslitaleikur mótsins fór fram á Laugardagsvelli og þar báru Danir sigurorð af Svíum með gullmarki.

Verkefni U17 liðsins á næsta ári eru Norðurlandamót í Svíþjóð í júní og Ólympíudagar æskunnar í Frakklandi um mánaðamótin júlí/ágúst. Ragnhildur Skúladóttir var endurráðin sem þjálfari U17 liðsins til næstu tveggja ára.

Framkvæmd Norðurlandamótsins gekk mjög vel. Leikir fóru fram á Grindavíkurvelli, Sandgerðisvelli, Varmárvelli, Akranesvelli, Valsvelli, Fjölnisvelli, Víkingsvelli, Kópavogsvelli, KR-velli og Laugardalsvelli og æfingar mun víðar. Móttökur á þessum stöðum voru til mikillar fyrirmyndar. Fjölmargir sjálfboðaliðar lögðu einnig á sig ómetanlega vinnu til að gera mótið að veruleika. Klara Bjartmarz hafði yfirumsjón með mótinu en aðrir starfsmenn þess voru Jóhann G. Kristinsson og Gunnar Gylfason.

**Lokaorð**

Árangur U19 í ár stóð ekki undir væntingum, en engin ástæða er til svartsýni. Leikirnir voru mikilvæg reynsla fyrir þá leikmenn sem í þeim tóku þátt og það velkist enginn í vafa um að leikmenn liðsins eiga mun meira inni en þeir sýndu í þessu móti.

Árangur U17 liðsins er það sem stendur uppúr í starfi unglinganefndar kvenna á starfsárinu. Liðið náði frábærum árangri og nýtti sér þann meðbyr sem íslensk kvennaknattspyrna hafði á tímabilinu. Ekki skemmdi það fyrir að mótið fór fram hér á landi svo árangurinn varð enn eftirtektarverðari fyrir vikið og umfjöllun fjölmiðla um mótið var mjög jákvæð. Þessi árangur U17 liðsins sýnir svo ekki verður um villst að framtíð íslenskrar kvennaknattspyrnu er björt.

Að lokum vil ég þakka þjálfurum, starfsmönnum landsliðanna, samstarfsfólki mínu í unglinganefnd kvenna, starfsmanni nefndarinnar og öðrum þeim sem hafa aðstoðað okkur á árinu fyrir vel unnin störf og ánægjulegt samstarf.

Ingibjörg Hinriksdóttir, formaður

# Landsleikir á starfsárinu

| Nr. | Land | Leikstaður | Dagur | Lið | Keppni | Leikur | Úrslit |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | Oman | Muscat | 08. jan. | A karla | VL | Kuwait - Ísland | 0-0 |
| 2 | Saudi-Arabía | Riyadh | 10. jan. | A karla | VL | Saudi-Arabía - Ísland | 1-0 |
| 3 | Brasilía | Cuiabá | 08. mar. | A karla | VL | Brasilía - Ísland | 6-1 |
| 4 | Spánn | Villafranca Barros | 10. apr. | U17 karla | VL | Georgía - Ísland | 3-1 |
| 5 | Spánn | Badajoz | 11. apr. | U17 karla | VL | Azerbaijan - Ísland | 2-2 |
| 6 | Spánn | Zafra | 13. apr. | U17 karla | VL | Moldavía - Ísland | 0-2 |
| 7 | Svíþjóð | Gautaborg | 04. maí. | A kvenna | VL | Svíþjóð - Ísland | 6-0 |
| 8 | Rússland | Seljatino | 18. maí. | A kvenna | HM | Rússland - Ísland | 1-1 |
| 9 | Noregur | Bodö | 22. maí. | A karla | VL | Noregur - Ísland | 1-1 |
| 10 | Ísland | Laugardalsvöllur | 30. maí. | A kvenna | HM | Ísland - Spánn | 3-0 |
| 11 | Ítalía | Arzealhena | 08. jún. | A kvenna | HM | Ítalía - Ísland | 0-0 |
| 12 | Ísland | Selfossvöllur | 02. júl. | U21 kvenna | VL | Ísland - Finnland | 0-1 |
| 13 | Ísland | Grindavíkurvöllur | 02. júl. | U17 kvenna | NM | Ísland - Finnland | 3-0 |
| 14 | Ísland | Varmárvöllur | 04. júl. | U17 kvenna | NM | Ísland - Danmörk | 2-4 |
| 15 | Ísland | Hlíðarendi | 06. júl. | U17 kvenna | NM | Ísland - Þýskaland | 1-1 |
| 16 | Ísland | KR-völlur | 08. júl. | U17 kvenna | NM | Ísland - Holland | 2-0 |
| 17 | Finnland | Turku | 22. júl. | U21 kvenna | NM | Noregur - Ísland | 4-0 |
| 18 | Finnland | Paimio | 24. júl. | U21 kvenna | NM | Þýskaland - Ísland | 4-0 |
| 19 | Finnland | Kaarina | 26. júl. | U21 kvenna | NM | Svíþjóð - Ísland | 3-0 |
| 20 | Finnland | Paimio | 28. júl. | U21 kvenna | NM | Grikkland Ísland | 1-1 |
| 21 | Svíþjóð | Kalix | 30. júl. | U17 karla | NM | Slóvakía - Ísland | 0-0 |
| 22 | Svíþjóð | Piteå | 31. júl. | U17 karla | NM | Danmörk - Ísland | 0-3 |
| 23 | Svíþjóð | Kalix | 02. ágú. | U17 karla | NM | Finnland - Ísland | 1-1 |
| 24 | Svíþjóð | Luleå | 03. ágú. | U17 karla | NM | England - Ísland | 1-0 |
| 25 | Ísland | Laugardalsvöllur | 21. ágú. | A karla | VL | Ísland - Andorra | 3-0 |
| 26 | Frakkland | Brive | 21. ágú. | U21 karla | VL | Frakkland - Ísland | 2-1 |
| 27 | Ísland | Vilhjálmsvöllur | 07. sep. | U21 karla | VL | Ísland - Ungverjaland | 0-2 |
| 28 | Ísland | Laugardalsvöllur | 07. sep. | A karla | VL | Ísland - Ungverjaland | 1-0 |
| 29 | Ísland | Laugardalsvöllur | 16. sep. | A kvenna | HM | Ísland - England | 2-2 |
| 30 | England | Birmingham | 22. sep. | A kvenna | HM | England - Ísland | 1-0 |
| 31 | Ísland | Akranesvöllur | 18. sep. | U17 karla | EM | Ísrael - Ísland | 0-0 |
| 32 | Ísland | Keflavíkurvöllur | 20. sep. | U17 karla | EM | Ísland - Sviss | 0-2 |
| 33 | Ísland | Víkingsvöllur | 22. sep. | U17 karla | EM | Ísland - Armenía | 1-1 |
| 34 | Pólland | Augustów | 02. okt. | U19 kvenna | EM | Bosnía-Herz. - Ísland | 0-1 |
| 35 | Noregur | Osló | 02. okt. | U19 karla | VL | Noregur - Ísland | 5-3 |
| 36 | Pólland | Augustów | 04. okt. | U19 kvenna | EM | Pólland - Ísland | 5-2 |
| 37 | Pólland | Suwalki | 06. okt. | U19 kvenna | EM | Belgía - Ísland | 2-2 |
| 38 | Ísland | Kaplakrikavöllur | 11. okt. | U21 karla | EM | Ísland - Skotland | 0-2 |
| 39 | Ísland | Laugardalsvöllur | 12. okt. | A karla | EM | Ísland - Skotland | 0-2 |
| 40 | Ísland | Akranesvöllur | 15. okt. | U21 karla | EM | Ísland - Litháen | 1-2 |
| 41 | Ísland | Laugardalsvöllur | 16. okt. | A karla | EM | Ísland - Litháen | 3-0 |
| 42 | Slóvenía | Beltinci | 21. okt. | U19 karla | EM | Júgóslavía - Ísland | 3-1 |
| 43 | Slóvenía | Krizevci | 23. okt. | U19 karla | EM | Skotland - Ísland | 2-1 |
| 44 | Slóvenía | Krizevci | 25. okt. | U19 karla | EM | Slóvenía - Ísland | 2-1 |
| 45 | Eistland | Tallinn | 20. nóv. | A karla | VL | Eistland - Ísland | 2-0 |

Landsleikir á árinu - A karla

Landsleikir á árinu - U21 karla

Landsleikir á árinu - U19 karla

Landsleikir á árinu - U17 karla

# Úrtökumót KSÍ að Laugarvatni – Drengir f. 1987

| Félag | Nafn | Kennitala |
|---|---|---|
| Austri | Ingvar Rafn Stefánsson | 020287-2179 |
| BÍ | Birkir Sverrisson | 270387-3739 |
| BÍ | Matthías Vilhjálmsson | 300187-2189 |
| Breiðablik | Guðmann Þórisson | 300187-2349 |
| Breiðablik | Vignir Benediktsson | 020887-2149 |
| Dalvík | Gunnar Már Magnússon | 020587-2969 |
| FH | Ágúst Bjarni Garðarsson | 290787-2539 |
| FH | Guðni Már Kristjánsson | 130187-2509 |
| FH | Haukur Ólafsson | 170287-2589 |
| Fjölnir | Andri Örn Jakobsson | 070487-3739 |
| Fjölnir | Atli Freyr Gunnarsson | 160187-2559 |
| Fjölnir | Gunnar S Jónsson | 040587-3149 |
| Fjölnir | Haukur Lárusson | 0107872119 |
| Fjölnir | Sigurður Heiðar Baldursson | 120587-2349 |
| Fram | Atli Heimisson | 310887-6099 |
| Fram | Gestur Ingi Harðarson | 110587-2529 |
| Fram | Heiðar Geir Júlíusson | 160887-3549 |
| Fram | Jósep Már Jónsson | 141187-2799 |
| Fram | Kristján Andrésson | 140187-2329 |
| Fram | Vilhjálmur Þór Vilhjálmsson | 091287-2779 |
| Fylkir | Agnar Bragi Magnússon | 030287-2319 |
| Fylkir | Sverrir S Sigmundsson | 041087-2779 |
| Grindavík | Hjörtur Pálsson | 290587-2989 |
| Grindavík | Viktor Sigurjónsson | 240987-2529 |
| Haukar | Pétur Gíslason | 110487-2749 |
| Haukar | Ellert Ingi Hafsteinsson | 130787-2349 |
| Haukar | Magnús Magnússon | 210587-3309 |
| HK | Elvar Þór Alfreðsson | 260187-3339 |
| HK | Guðjón Þór Ólafsson | 280187-2379 |
| HK | Ingi Þór Þorsteinsson | 041187-2719 |
| HK | Páll Palomares | 130187-2859 |
| HK | Sigurður Víðisson | 090487-2139 |
| HK | Þórhallur Sigurgeirsson | 040387-3319 |
| ÍA | Arnar Már Guðjónsson | 200287-3559 |
| ÍA | Bjarki Guðjónsson | 230587-3539 |
| ÍA | Heimir Einarsson | 200487-2739 |
| ÍBV | Birkir Ágústsson | 150987-3779 |
| ÍBV | Einar Kristinn Kárason | 160387-3199 |
| ÍBV | Finnbogi Friðfinnsson | 200387-3339 |
| ÍR | Arnaldur Stefánsson | 210387-6099 |
| ÍR | Kristján Pálsson | 230987-2709 |
| Keflavík | Anton Ellertsson | 300787-3719 |
| Keflavík | Ólafur Jón Jónsson | 180487-3519 |
| KR | Gunnar Kristjánsson | 020387-2199 |
| KR | Pétur Pétursson | 180487-2559 |
| KR | Sigþór Ólafsson | 281087-2589 |
| Leiftur | Ingi Freyr Hilmarsson | 100987-2959 |
| Njarðvík | Einar Valur Árnason | 260387-3169 |
| Njarðvík | Sæmundur Guðmundsson | 250287-2599 |
| Selfoss | Guðmundur Geir Jónsson | 070987-2369 |
| Stjarnan | Halldór Orri Björnsson | 020387-6029 |
| Tindastóll | Árni Adolfsson | 271087-3579 |
| Valur | Ari Freyr Skúlason | 140587-3549 |
| Víkingur R. | Davíð Halldórsson | 010187-6059 |
| Víkingur R. | Hans Orri Kristjánsson | 240187-2309 |
| Völsungur | Gústaf Gunnlaugsson | 050487-2539 |
| Þór | Arnór Gunnarsson | 231087-2309 |
| Þróttur Nes. | Stefán Þór Eysteinsson | 190387-3729 |
| Þróttur R. | Haukur Páll Sigurðsson | 050887-2519 |
| Ægir | Bjarni Már Valdimarsson | 190387-2169 |

Landsleikir á árinu - A kvenna

Landsleikir á árinu - U21 kvenna

Landsleikir á árinu - U19 kvenna

Landsleikir á árinu - U17 kvenna

# Skýrsla mótanefndar

Mótanefnd KSÍ var þannig skipuð: Halldór B Jónsson, formaður, Atli Heiðar Þórsson, Ágúst Ingi Jónsson, Björn Friðþjófsson og Ingibjörg Hinriksdóttir.

Starfsfólk mótamála var Birkir Sveinsson, mótastjóri, Klara Bjartmarz og Ómar Smárason. Ómar annaðist jafnframt mótahald knattspyrnuráðsins í Reykjavík samkvæmt sérstökum samningi KRR og KSÍ. Í lok árs tók Halldór Örn Þorsteinsson við starfi Ómars Smárasonar að mótamálum.

**Úrslit leikja og stöðutöflur**

KSÍ er annað árið í röð í samstarfi við bókaútgáfuna Skjaldborg, sem gefur út bókina Ís*lensk knattspyrna* eftir Víði Sigurðsson. Í bókinni eru birt öll úrslit og helstu stöðutöflur allra móta KSÍ, en hætt að birta þau í ársskýrslu sambandsins (skrá um sigurvegara fylgir). Aðildarfélögum KSÍ hefur verið sent eintak af bókinni.

**Flokkun leikja**

| | 2002 | 2001 | 2000 | 1999 | 1998 | 1997 | 1996 | 1995 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| • **Landsleikir** | 45 | 54 | 46 | 48 | 43 | 48 | 61 | 49 |
| • **Evrópuleikir félagsliða** | 13 | 15 | 12 | 12 | 8 | 14 | 14 | 14 |
| • **Íslandsmót** | 2.672 | 2.521 | 2.353 | 2.489 | 2.175 | 2.175 | 2.277 | 2.058 |
| *- þar af deildarleikir karla* | *425* | *419* | *425* | *437* | *442* | *477* | *478* | *482* |
| *- þar af deildarleikir kvenna* | *135* | *105* | *112* | *157* | *132* | *130* | *126* | *101* |
| *- þar af aðrir leikir karla* | *1.586* | *1.535* | *1.431* | *1.471* | *1.253* | *1.226* | *1.351* | *1.207* |
| *- þar af aðrir leikir kvenna* | *526* | *462* | *385* | *424* | *348* | *342* | *322* | *268* |
| • **Bikarkeppni meistaraflokks** | 83 | 75 | 74 | 78 | 72 | 76 | 77 | 77 |
| • **Meistarakeppni** | 0 | 0 | 0 | 0 | 3 | 1 | 4 | 2 |
| • **Deildarbikarkeppni** | 148 | 138 | 131 | 130 | 119 | 119 | 117 | 0 |
| • **Íslandsmót innanhúss** | 955 | 824 | 747 | 738 | 660 | 665 | 664 | 691 |
| • **Pollamót** | 351 | 336 | 176 | 184 | 163 | 182 | 186 | 175 |
| • **Hnátumót** | 99 | 132 | 107 | 83 | 52 | 66 | 89 | 63 |
| • **Framhaldsskólamót** | 103 | 118 | 107 | 98 | 98 | 110 | 70 | 60 |
| **Leikir samtals:** | **4.469** | **4.213** | **3.753** | **3.860** | **3.393** | **3.456** | **3.559** | **3.189** |

**Fjöldi leikja**

Á síðastliðnum árum hefur leikjum í mótum KSÍ fjölgað verulega. Leikjum árið 2002 fjölgaði um 256 frá fyrra ári. Fjölgunina má að mestu skýra með færslu Íslandsmóts innanhúss í meistaraflokki frá janúar fram til nóvember árið áður og voru því tvenn mót haldin árið 2002. Talsverð raunveruleg fjölgun varð einnig vegna heimildar fyrir félög til að senda fleiri lið til keppni í sama flokki, bæði fyrir stúlkur og drengi. Fjölgun varð einnig í deildarleikjum kvenna.

**Fyrirkomulag móta**

Við niðurröðun deildar- og bikarleikja karla var eins og áður tekið tillit til landsleikja (A og U21), svo og til Evrópuleikja félagsliða. Drætti í töfluröð í Símadeild karla var aðeins stýrt vegna leikdaga í Evrópukeppnum félagsliða. Við niðurröðun deildar- og bikarleikja kvenna var tekið tillit til allra landsliða kvenna.

Mót yngri aldursflokka voru með hefðbundnum hætti, en mótanefnd heimilaði nú að félög gætu sent fleiri en eitt lið til keppni í yngri flokkum. Ákveðið var að leikmenn gætu færst á milli slíkra liða innan sama félags eftir einföldum hlutgengisreglum. Nokkur félög nýttu sér þessa nýju heimild og mæltist hún vel fyrir. Þetta fyrirkomulag auðveldar félögum með marga iðkendur að sjá þeim fyrir verkefnum.

**Skipulag á Símadeild karla**

Almennt skipulag á mótahaldi KSÍ hefur þróast um nokkurra ára skeið og tekur tillit til heildarhagsmuna íslenskrar knattspyrnu. Þrátt fyrir mjög þröngt keppnistímabil er í Símadeild karla

tekið fullt tillit til A- og U21-landsleikja, auk þess sem árleg þátttaka fjögurra félaga í Evrópukeppnum félagsliða setur verulega mark sitt á niðurröðunina. Reynt er að taka tillit til óska áhorfenda og að gera ráð fyrir beinum sjónvarpssendingum með skipulegum hætti, en samningar um þær skapa nú verulegar tekjur. Tekið er einnig tillit til margra annarra fjármálalegra og félagslegra þátta, m.a. keppni í öðrum deildum karla og kvenna, yngri flokkum í eigin félagi, margra félaga á sama svæði, samnýtingu leikvalla, ferðalaga og nauðsynlegra varadaga vegna hugsanlegra frestana. Mótanefnd varar við fljótfærni í breytingum á niðurröðun leikja í meistaraflokki.

**Aðsókn í Símadeild karla**

Áhorfendur í Símadeild karla 2002 voru samtals 89.660 á 90 leikjum deildarinnar, sem var nokkru minna en árið áður (96.845 áhorfendur, fækkun 7,4%). Aðsóknin var þó engu að síður sú næst mesta frá upphafi. Að venju síðustu ára komu flestir áhorfendur á heimaleiki KR (1.948 á leik að meðaltali).

| **Símadeild karla** | **2002** | **2001** | **2000** | **1999** | **1998** | **1997** |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Áhorfendur samtals: | 89.660 | 96.845 | 80.937 | 80.762 | 65.517 | 58.099 |
| Meðaltal á leik: | 996 | 1.076 | 899 | 897 | 728 | 646 |

**Deildarbikarinn**

Leikið var með sama fyrirkomulagi og árið 2001. Úrslitaleikir mótsins voru leiknir í Egilshöll og voru um 1.200 áhorfendur á úrslitaleik karla. Við skipulagningu deildarbikars karla og kvenna 2003 er miðað við opnun þriggja nýrra knattspyrnuhúsa, í Reykjavík, í Kópavogi og á Akureyri, auk hússins í Reykjanesbæ.

**KRR-mót og Faxaflóamót**

Frá árinu 1998 hefur KSÍ annast skipulagningu á mótum KRR í Reykjavík. Árið 2002 tók KSÍ einnig að sér að skipuleggja hið svokallaða Faxaflóamót. Sérstakur starfsmaður sér um þess mót, enda umfang þeirra orðið verulegt. Fjöldi leikja í KRR mótum var 1753, en 711 í Faxaflóamótunum árið 2002.

**Íslandsmótið innanhúss**

Mótanefnd og stjórn KSÍ ákváðu að færa Íslandsmótið innanhúss í meistaraflokki frá janúar ár hvert fram í nóvember með hliðsjón af nýrri skiptingu ársins í leiktímabil með tilkomu fleiri knattspyrnuhúsa. Héraðsmót í meistaraflokki eða frjáls smámót verða þá haldin á stórum velli í knattspynuhúsunum í janúar og febrúar, en keppni á landsvísu á vegum KSÍ (núverandi Deildarbikar) hefst síðan í lok febrúar og stendur fram í maí. Íslandsmót yngri flokka verður hins vegar áfram í janúar og febrúar ár hvert.

Sú skoðun hefur heyrst að leggja eigi Íslandsmótið innanhúss niður með tilkomu knattspyrnuhúsanna. Mótanefnd telur hins vegar skynsamlegt að halda keppninni áfram enn um sinn. Ljóst er að knattspyrna innanhúss fyrir alla aldurshópa er ein allra vinsælasta íþróttagrein sem stunduð er hér á landi. Þrátt fyrir ný knattspyrnuhús er ljóst að yngri leikmenn munu áfram stunda æfingar og keppni í venjulegum íþróttahúsum, enda önnur aðstaða ekki fyrir hendi í fjölmörgum byggðarlögum. Fyrir flest félög er þátttaka meistaraflokks í Íslandsmótinu jafnframt mikilvæg fyrir starf félagsins (deildarinnar) í heild og sem fyrirmynd yngri flokka.

Á vegum UEFA og FIFA er skipulegt mótahald í Futsal, en það er alþjóðlegt heiti greinarinnar. Árlega fer nú fram Evrópukeppni félagsliða og Evrópumót landsliða með þátttöku rúmlega helmings landa innan UEFA, aðallega frá suður- og austurhluta Evrópu. Heimsmeistarakeppni landsliða fer fram fjórða hvert ár á vegum FIFA. Leikreglur í Futsal eru ekki ósvipaðar og í þeirri innanhússknattspyrnu, sem leikin er hér á landi. Leikmenn eru 5 í liði, þar af einn markvörður, leiktími er 2 x 20 mín, leikið er á handboltavelli og notuð mörk eins og í handknattleik (áhersla er þannig lögð á að leikið sé við aðstæður sem víða eru til staðar).

**Skráning í mót yngri flokka**

Nokkuð er um að félög tilkynni lið til þátttöku í mótum yngri flokka, en þegar á reynir er ekki nægilegur fjöldi iðkenda á bak við skráninguna. Þá reynist nauðsynlegt að draga liðið úr móti og getur

þá skipting í riðla og niðurröðun leikja farið úr skorðum, sem bitnar á öðrum félögum. Fullur skilningur er á að aðstæður geta breyst, sérstaklega í smáum byggðarlögum. Mótanefnd leggur engu að síður mikla áherslu á að félögin vandi skráningar í mót eftir bestu getu.

**Félög mæta ekki til leiks**

Alltof oft kemur fyrir að félög mæti ekki til leiks í yngri flokkum og er þá beitt sektarákvæðum skv. reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. Fjórum liðum var vísað úr móti skv. sömu reglugerð, þegar lið mættu ekki til leiks 2 leikdaga. Lögð er mikil áhersla á að forráðamenn félaga sýni ábyrgð í þessu sambandi.

| | 2002 | 2001 | 2000 | 1999 | 1998 | 1997 | 1996 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi liða sem hættu þátttöku í móti | 34 | 31 | 30 | 27 | 27 | 41 | 35 |
| Fjöldi leikja þar sem annað liðið mætti ekki | 16 | 12 | 25 | 15 | 10 | 11 | 17 |

**Utanferðir félaga**

Utanferðir yngri aldursflokka eru orðnar mjög algengar að sumri til og á miðju keppnistímabili. Nauðsynlegt er að viðkomandi félög upplýsi KSÍ um ferðirnar sem allra fyrst, þannig að unnt sé taka tillit til þeirra við niðurröðun og að röskun verði sem minnst fyrir önnur félög.

**Lokaorð**

Mótanefnd KSÍ og starfsfólk mótamála þakka ánægjulegt samstarf við aðildarfélög sambandsins árið 2002.

Halldór B Jónsson, formaður

## Þátttaka í mótum utanhúss 2002 - Fjöldi liða

| | 2002 | 2001 | 2000 | 1999 | 1998 | 1997 | 1996 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Meistaraflokkur ka. | 55 | 53 | 52 | 55 | 57 | 59 | 64 |
| U 23 | 16 | 12 | 12 | 14 | 9 | 9 | 10 |
| Eldri flokkur ka. | 28 | 18 | 18 | 18 | 17 | 19 | 22 |
| 1. flokkur ka. | 19 | 14 | 16 | 16 | 18 | 18 | 18 |
| 2. flokkur ka. | 26 | 30 | 29 | 28 | 26 | 27 | 29 |
| 3. flokkur ka. | 34 | 33 | 28 | 32 | 31 | 32 | 32 |
| 3. flokkur ka. B lið | 9 | 5 | | | | | |
| 3. flokkur ka. 7 manna | 9 | 19 | 19 | 23 | 26 | 21 | 26 |
| 4. flokkur ka. A lið | 38 | 33 | 28 | 29 | 27 | 29 | 32 |
| 4. flokkur ka. B lið | 14 | 15 | 15 | 11 | 8 | 12 | 13 |
| 4. flokkur ka. C lið | 6 | 6 | | | | | |
| 4. flokkur ka. 7 manna | 16 | 23 | 29 | 30 | 29 | 31 | 32 |
| 5. flokkur ka. A lið | 54 | 47 | 46 | 50 | 47 | 44 | 47 |
| 5. flokkur ka. B lið | 44 | 39 | 41 | 40 | 36 | 37 | 38 |
| 5. flokkur ka. C lið | 27 | 26 | 25 | 27 | 22 | 19 | 18 |
| 5. flokkur ka. D lið | 19 | 15 | | | | | |
| 6. flokkur ka. A lið | 46 | 46 | 45 | 45 | 42 | 44 | 42 |
| 6. flokkur ka. B lið | 44 | 35 | 34 | 36 | 37 | 36 | 35 |
| 6. flokkur ka. C lið | 26 | 26 | | | | | |
| 6. flokkur ka. D lið | 20 | 13 | | | | | |
| **Alls karla** | **550** | **508** | **437** | **454** | **432** | **437** | **458** |
| Meistaraflokkur kv. | 20 | 17 | 19 | 22 | 21 | 22 | 22 |
| 2. flokkur kv. | 13 | 13 | 13 | 13 | 13 | 13 | 16 |
| 2. flokkur kv. 7 manna | 8 | 6 | | | | | |
| 3. flokkur kv. | 17 | 16 | 14 | 14 | 9 | 13 | 21 |
| 3. flokkur kv. 7 manna | 16 | 16 | 19 | 20 | 20 | 20 | 12 |
| 4. flokkur kv. A lið | 33 | 32 | 30 | 27 | 28 | 29 | 25 |
| 4. flokkur kv. B lið | 20 | 18 | 15 | 16 | 15 | 15 | 15 |
| 4. flokkur kv. C lið | 3 | 5 | | | | | |
| 5. flokkur kv. A lið | 24 | 27 | 29 | 22 | 17 | 20 | 23 |
| 5. flokkur kv. B lið | 17 | 22 | 16 | 17 | 11 | 13 | 17 |
| 5. flokkur kv. C lið | | 5 | | | | | |
| **Alls kvenna** | **171** | **177** | **155** | **151** | **134** | **145** | **151** |

## Sigurvegarar í mótum 2002

### Íslandsmót

| | |
|---|---|
| **Símadeild karla** | KR |
| 1. deild karla | Valur |
| 2. deild karla | HK |
| 3. deild karla | KFS |
| E. flokkur karla | Breiðablik |
| E. flokkur karla 40+ | KR |
| 1. flokkur karla A | Fylkir |
| 1. flokkur karla B | Víkingur |
| 1. flokkur karla C | Leiknir R. |
| 2. flokkur karla | ÍA |
| 3. flokkur karla | Fram |
| 3. flokkur karla 7 manna | Fjölnir |
| 4. flokkur karla | HK |
| 4. flokkur karla 7 manna | Fjölnir |
| 5. flokkur karla | Breiðablik |
| **Símadeild kvenna** | KR |
| 1. deild kvenna | Þróttur R. |
| 2. flokkur kvenna | KR |
| 2. flokkur kvenna 7 | Leiftur |
| 3. flokkur kvenna | Breiðablik |
| 3. flokkur kvenna 7 manna | Tindastóll |
| 4. flokkur kvenna A | KR |
| 4. flokkur kvenna B | Víkingur R. |

### Bikarkeppni

| | |
|---|---|
| **Coca-Cola bikar karla** | Fylkir |
| 2. flokkur karla | Þór |
| 3. flokkur karla SV | Fram |
| 3. flokkur karla NL | Þór |
| **Coca- Cola bikar kvenna** | KR |
| 2. flokkur kvenna SV | KR |

### Deildarbikarkeppni KSÍ

| | |
|---|---|
| **Meistaraflokkur karla - Efri deild** | FH |
| **Meistaraflokkur karla - Neðri deild** | Afturelding |
| **Meistaraflokkur kvenna** | KR |

# Tölur yfir áhorfendur í Símadeildinni 2002

| | KR | Fylkir | Grind. | ÍBV | ÍA | Keflavík | KA | Fram | Þór | FH | Alls heima | Meðaltal | Röð |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **KR** | | 2093 | 2672 | 1798 | 2132 | 1355 | 1727 | 1661 | 2314 | 1777 | 17.529 | 1.948 | 1 |
| **Fylkir** | 4833 | | 1040 | 1432 | 1058 | 1228 | 1336 | 1411 | 802 | 1130 | 14.270 | 1.586 | 2 |
| **Grindavík** | 1087 | 920 | | 499 | 650 | 969 | 447 | 465 | 390 | 486 | 5.913 | 657 | 8 |
| **ÍBV** | 756 | 670 | 350 | | 530 | 625 | 590 | 860 | 400 | 625 | 5.406 | 601 | 10 |
| **ÍA** | 1720 | 2450 | 1252 | 1033 | | 1058 | 716 | 584 | 1271 | 808 | 10.892 | 1.210 | 3 |
| **Keflavík** | 1156 | 862 | 616 | 494 | 468 | | 236 | 796 | 275 | 660 | 5.563 | 618 | 9 |
| **KA** | 1108 | 508 | 325 | 750 | 625 | 430 | | 322 | 2150 | 655 | 6.873 | 764 | 6 |
| **Fram** | 1599 | 805 | 528 | 588 | 1049 | 423 | 638 | | 424 | 513 | 6.567 | 730 | 7 |
| **Þór** | 1625 | 506 | 543 | 537 | 824 | 610 | 1892 | 870 | | 620 | 8.027 | 892 | 5 |
| **FH** | 1780 | 1530 | 585 | 740 | 1370 | 605 | 475 | 820 | 715 | | 8.620 | 958 | 4 |
| **Alls úti** | 15.664 | 10.344 | 7.911 | 7.871 | 8.706 | 7.303 | 8.057 | 7.789 | 8.741 | 7.274 | 89.660 | | |
| **Meðaltal** | 1.740 | 1.149 | 879 | 875 | 967 | 811 | 895 | 865 | 971 | 808 | | **996** | |
| **Röð** | 1 | 2 | 6 | 7 | 4 | 9 | 5 | 8 | 3 | 10 | | | |

# Deildakeppni karla og kvenna 2002

## Símadeild karla 2002

| | Félag | L | U | J | T | Mörk | | | Net | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | KR | 18 | 10 | 6 | 2 | 32 | : | 18 | 14 | 36 |
| 2 | Fylkir | 18 | 10 | 4 | 4 | 30 | : | 22 | 8 | 34 |
| 3 | Grindavík | 18 | 8 | 5 | 5 | 32 | : | 26 | 6 | 29 |
| 4 | KA | 18 | 6 | 7 | 5 | 18 | : | 19 | -1 | 25 |
| 5 | ÍA | 18 | 6 | 5 | 7 | 29 | : | 26 | 3 | 23 |
| 6 | FH | 18 | 5 | 7 | 6 | 29 | : | 30 | -1 | 22 |
| 7 | ÍBV | 18 | 5 | 5 | 8 | 23 | : | 22 | 1 | 20 |
| 8 | Fram | 18 | 5 | 5 | 8 | 29 | : | 33 | -4 | 20 |
| 9 | Keflavík | 18 | 4 | 8 | 6 | 25 | : | 30 | -5 | 20 |
| 10 | Þór | 18 | 3 | 4 | 11 | 22 | : | 43 | -21 | 13 |

## 1. deild karla 2002

| | Félag | L | U | J | T | Mörk | | | Net | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | Valur | 18 | 12 | 3 | 3 | 34 | : | 12 | 22 | 39 |
| 2 | Þróttur R. | 18 | 10 | 3 | 5 | 40 | : | 21 | 19 | 33 |
| 3 | Stjarnan | 18 | 10 | 3 | 5 | 37 | : | 28 | 9 | 33 |
| 4 | Afturelding | 18 | 7 | 6 | 5 | 30 | : | 29 | 1 | 27 |
| 5 | Víkingur R. | 18 | 7 | 4 | 7 | 29 | : | 28 | 1 | 25 |
| 6 | Haukar | 18 | 6 | 6 | 6 | 26 | : | 22 | 4 | 24 |
| 7 | Breiðablik | 18 | 7 | 2 | 9 | 29 | : | 31 | -2 | 23 |
| 8 | Leiftur/Dalvík | 18 | 4 | 6 | 8 | 25 | : | 34 | -9 | 18 |
| 9 | ÍR | 18 | 4 | 4 | 10 | 15 | : | 39 | -24 | 16 |
| 10 | Sindri | 18 | 3 | 3 | 12 | 14 | : | 35 | -21 | 12 |

## 2. deild karla 2002

| | Félag | L | U | J | T | Mörk | | | Net | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | HK | 18 | 15 | 2 | 1 | 47 | : | 16 | 31 | 47 |
| 2 | Njarðvík | 18 | 13 | 3 | 2 | 52 | : | 18 | 34 | 42 |
| 3 | KS | 18 | 10 | 4 | 4 | 44 | : | 26 | 18 | 34 |
| 4 | Völsungur | 18 | 7 | 5 | 6 | 50 | : | 36 | 14 | 26 |
| 5 | Selfoss | 18 | 8 | 2 | 8 | 36 | : | 41 | -5 | 26 |
| 6 | Víðir | 18 | 7 | 3 | 8 | 23 | : | 25 | -2 | 24 |
| 7 | Tindastóll | 18 | 7 | 1 | 10 | 36 | : | 39 | -3 | 22 |
| 8 | Léttir | 18 | 4 | 4 | 10 | 26 | : | 44 | -18 | 16 |
| 9 | Leiknir R. | 18 | 4 | 3 | 11 | 27 | : | 44 | -17 | 15 |
| 10 | Skallagrímur | 18 | 1 | 1 | 16 | 16 | : | 68 | -52 | 4 |

## Símadeild kvenna 2002

| | Félag | L | U | J | T | Mörk | | | Net | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | KR | 14 | 13 | 0 | 1 | 83 | : | 6 | 77 | 39 |
| 2 | Breiðablik | 14 | 10 | 1 | 3 | 39 | : | 14 | 25 | 31 |
| 3 | Valur | 14 | 9 | 3 | 2 | 32 | : | 18 | 14 | 30 |
| 4 | ÍBV | 14 | 7 | 2 | 5 | 26 | : | 22 | 4 | 23 |
| 5 | Þór/KA/KS | 14 | 5 | 1 | 8 | 13 | : | 32 | -19 | 16 |
| 6 | Stjarnan | 14 | 3 | 2 | 9 | 17 | : | 39 | -22 | 11 |
| 7 | FH | 14 | 2 | 2 | 10 | 10 | : | 46 | -36 | 8 |
| 8 | Grindavík | 14 | 1 | 1 | 12 | 9 | : | 52 | -43 | 4 |

## Úrslitakeppni 3. deildar karla 2002

| | | |
|---|---|---|
| ***8 liða úrslit – Fyrri leikir*** | | |
| KFS - Magni | Helgafellsvöllur | 4-0 |
| Grótta - Fjarðabyggð | Þróttarvöllur | 1-2 |
| Vaskur - Fjölnir | KA-völlur | 0-4 |
| Leiknir F. - Reynir S. | Fáskrúðsfjarðarvöllur | 1-0 |
| ***8 liða úrslit – Seinni leikir*** | | |
| Fjölnir - Vaskur | Fjölnisvöllur | 3-2 |
| Reynir S. - Leiknir F. | Sandgerðisvöllur | 3-2 |
| Magni - KFS | Grenivíkurvöllur | 2-1 |
| Fjarðabyggð - Grótta | Eskifjarðarvöllur | 2-2 |
| ***Undanúrslit – Fyrri leikir*** | | |
| Fjölnir - Fjarðabyggð | Fjölnisvöllur | 2-3 |
| Leiknir F. - KFS | Fáskrúðsfjarðarvöllur | 2-3 |
| ***Undanúrslit – Seinni leikir*** | | |
| Fjarðabyggð - Fjölnir | Eskifjarðarvöllur | 0-2 |
| KFS - Leiknir F. | Hásteinsvöllur | 0-1 |
| ***Leikur um 3. sæti*** | | |
| Fjarðabyggð - Leiknir F. | Vilhjálmsvöllur | 7-0 |
| ***Úrslitaleikur*** | | |
| Fjölnir - KFS | Fjölnisvöllur | 4-4 |
| | Vítaspyrnukeppni: | 4-5 |

***KFS og Fjölnir færast úr 3. deild karla upp í 2. deild***

## Úrslitakeppni 1. deildar kvenna 2002

| | | |
|---|---|---|
| ***Undanúrslit – Fyrri leikir*** | | |
| Haukar - Fjarðabyggð | Eskifjarðarvöllur | 2-0 |
| Tindastóll - Þróttur R. | Sauðárkróksvöllur | 1-6 |
| ***Undanúrslit – Seinni leikir*** | | |
| Fjarðabyggð - Haukar | Eskifjarðarvöllur | 2-1 |
| Þróttur R. - Tindastóll | Þróttarvöllur | 6-3 |
| ***Úrslitaleikur*** | | |
| Haukar - Þróttur R. | Ásvellir | 0-2 |

***Þróttur R. færist úr 1. deild kvenna upp í Símadeild***

## Aukakeppni kvenna 2002

| | | |
|---|---|---|
| ***Fyrri leikur*** | | |
| FH - Haukar | Kaplakrikavöllur | 6-1 |
| ***Seinni leikur*** | | |
| Haukar - FH | Ásvellir | 1-2 |

***FH heldur sæti sínu í Símadeild kvenna***

# Coca-Cola bikar karla

## 1. umferð

| | | |
|---|---|---|
| KR U23 - Valur U23 | Egilshöll | 3-4 |
| Leiknir F. - Neisti D. | Stöðvafjarðarvöllur | 3-4 |
| Efling – Magni | Laugavöllur | 0-9 |
| Grótta - Keflavík U23 | Gróttuvöllur | 1-5 |
| Þróttur R. U23 – Árborg | Valbjarnarvöllur | 4-1 |
| ÍA U23 - Þróttur V. | Akranesvöllur | 9-0 |
| Ægir – KFS | Þorlákshafnarvöllur | 0-7 |
| Reynir S. – ÍH | Sandgerðisvöllur | 2-1 |
| FH U23 - Stjarnan U23 | Kaplakrikavöllur | 2-0 |
| Leiknir R U23 - Breiðablik U23 | Fífan | 2-7 |
| Víkingur U23 - ÍR U23 | Egilshöll | 1-2 |
| KS - Neisti H. | Siglufjarðarvöllur | 4-2 |
| Víðir – Deiglan | Garðsvöllur | 2-0 |
| Bruni – Léttir | Akranesvöllur | 0-3 |
| Afturelding - Haukar U23 | Tungubakkavöllur | 9-0 |
| Grindavík U23 - Úlfarnir | Grindavíkurvöllur | 0-0 |
| HK U23 - HSH | Fífan | 0-1 |
| Skallagrímur - Njarðvík | Skallagrímsvöllur | 0-3 |
| Tindastóll - Smári | Sauðárkróksvöllur | 12-1 |
| Leiknir R. - Fjölnir | Egilshöll | 1-6 |
| GE - Fjarðabyggð | Neskaupstaðarvöllur | 0-11 |

## 2. umferð

| | | |
|---|---|---|
| Fjölnir - Njarðvík | Egilshöll | 1-5 |
| FH U23 - Breiðablik U23 | Smárahvammsvöllur | 3-1 |
| Reynir S. - Afturelding | Sandgerðisvöllur | 1-2 |
| ÍA U23 - HK | Akranesvöllur | 1-0 |
| Huginn/Höttur - Fjarðabyggð | Vilhjálmsvöllur | 1-2 |
| Sindri - Neisti D. | Sindravellir | 6-0 |
| Völsungur - Magni | Húsavíkurvöllur | 1-3 |
| Tindastóll - KS | Sauðárkróksvöllur | 3-0 |
| Bolungarvík - BÍ | Skeiðisvöllur | 0-1 |
| Grindavík U23 - HSH | Grindavíkurvöllur | 0-1 |
| Fram U23 - Keflavík U23 | Framvöllur | 1-2 |
| KFS - Þróttur R. U23 | Helgafellsvöllur | 4-1 |
| Fylkir U23 - Valur U23 | Fylkisvöllur | 2-1 |
| Léttir - ÍR | Þróttarvöllur | 0-3 |
| Haukar - Víðir | Ásvellir | 2-1 |
| Selfoss - ÍR U23 | Selfossvöllur | 0-0 |

## 32-liða úrslit

| | | |
|---|---|---|
| Njarðvík - KA | Njarðvíkurvöllur | 1-3 |
| BÍ - Grindavík | Torfnesvöllur | 0-8 |
| Afturelding - Þróttur R. | Varmárvöllur | 0-1 |
| Selfoss - Keflavík | Selfossvöllur | 0-4 |
| KFS - KR | Helgafellsvöllur | 0-4 |
| Magni - FH | Grenivíkurvöllur | 1-4 |
| Tindastóll - Þór | Sauðárkróksvöllur | 0-5 |
| HSH - ÍA | Ólafsvíkurvöllur | 0-7 |
| Haukar - Fylkir | Ásvellir | 1-2 |
| Fjarðabyggð - Breiðablik | Eskifjarðarvöllur | 1-3 |
| ÍBV - FH U23 | Vestmannaeyjavöllur | 2-1 |
| Keflavík U23 - Fram | Keflavíkurvöllur | 0-2 |
| Sindri - Valur | Sindravellir | 0-3 |
| ÍR - Leiftur/Dalvík | ÍR-völlur | 1-2 |
| ÍA U23 - Víkingur R. | Akranesvöllur | 3-2 |
| Fylkir U23 - Stjarnan | Fylkisvöllur | 0-2 |

## 16-liða úrslit

| | | |
|---|---|---|
| KR - Fram | KR-völlur | 0-1 |
| Breiðablik - Þór | Kópavogsvöllur | 9-8 |
| Leiftur/Dalvík - Valur | Ólafsfjarðarvöllur | 2-1 |
| ÍA - Grindavík | Akranesvöllur | 1-0 |
| Keflavík - ÍA U23 | Keflavíkurvöllur | 3-3 |
| Stjarnan - KA | Stjörnuvöllur | 1-1 |
| Fylkir - FH | Fylkisvöllur | 4-1 |
| ÍBV - Þróttur R. | Hásteinsvöllur | 2-0 |

## 8-liða úrslit

| | | |
|---|---|---|
| KA - Breiðablik | Akureyrarvöllur | 3-0 |
| Fylkir - ÍA | Fylkisvöllur | 4-1 |
| ÍBV - Leiftur/Dalvík | Hásteinsvöllur | 1-0 |
| Fram - Keflavík | Laugardalsvöllur | 3-1 |

## Undanúrslit

| | | |
|---|---|---|
| ÍBV - Fram | Laugardalsvöllur | 1-2 |
| KA - Fylkir | Laugardalsvöllur | 2-3 |

## Úrslitaleikur

| | | |
|---|---|---|
| Fram - Fylkir | Laugardalsvöllur | 1-3 |

***Bikarmeistari:*** *Fylkir*

# Coca-Cola bikar kvenna

## 1. umferð

| | | |
|---|---|---|
| ÍR - HK/Víkingur | ÍR-völlur | 0-4 |
| Haukar - Þróttur R. | Ásvellir | 0-1 |
| Fjölnir - FH | Egilshöll | 1-6 |
| HK/Víkingur - Grindavík | Víkingsvöllur | 0-1 |
| ÍA - RKV | Akranesvöllur | 0-1 |

## 2. umferð

| | | |
|---|---|---|
| Huginn/Höttur - Þór/KA/KS | Vilhjálmsvöllur | 0-5 |
| RKV - Þróttur R. | Sandgerðisvöllur | 4-5 |
| FH - Grindavík | Kaplakrikavöllur | 2-0 |

## 8-liða úrslit

| | | |
|---|---|---|
| Þór/KA/KS - Þróttur R. | Akureyrarvöllur | 3-0 |
| Valur - FH | Hlíðarendi | 7-0 |
| KR - Breiðablik | KR-völlur | 6-1 |
| ÍBV - Stjarnan | Hásteinsvöllur | 2-1 |

## Undanúrslit

| | | |
|---|---|---|
| Þór/KA/KS - KR | Siglufjarðarvöllur | 0-8 |
| Valur - ÍBV | Hlíðarendi | 3-0 |

## Úrslitaleikur

| | | |
|---|---|---|
| KR - Valur | Laugardalsvöllur | 4-3 |

***Bikarmeistari:*** *KR*

# Skýrsla dómaranefndar

Dómaranefnd KSÍ var óbreytt skipuð frá fyrra ári: Halldór B Jónsson, formaður, Ingi Jónsson, varaformaður, Eysteinn Guðmundsson, Kári Gunnlaugsson og Sigurður Hannesson.

Birkir Sveinsson mótastjóri hafði yfirumsjón með dómaramálum KSÍ, en Klara Bjartmarz og Ómar Smárason sinntu einnig margvíslegum verkefnum á því sviði.

**Flokkun A, B og C deildardómara**

Í upphafi árs 2002 var Magnús Þórisson færður upp í A-hóp dómara. Guðmundur H Jónsson varð FIFA-aðstoðardómari, en var B-aðstoðardómari áður. Einar Sigurðsson var valinn í hóp A-aðstoðardómara, en var B-dómari áður. Svanlaugur Þorsteinsson var hækkaður upp í B-hóp. Áskell Gíslason, Halldór Breiðfjörð, Ólafur Kjartansson og Sævar Jónsson voru teknir inn sem nýir C-dómarar, auk Ásgríms Ágústar Hinrikssonar aðstoðardómara.

Í desember 2002 var lokið við flokkun ABC-dómara 2003. Ingvar Guðfinnsson færist upp sem A-aðstoðardómari, Gunnar Sverrir Gunnarsson verður B-dómari og Ásgrímur Ágúst Hinriksson og Sigurður Óli Þorleifsson verða B-aðstoðardómarar. Nýir C-dómarar 2003 verða Þorvaldur Árnason og Þóroddur Hjaltalín, en Oddbergur Eiríksson verður C-aðstoðardómari.

**Störf A, B og C deildardómara**

| Innlend KSÍ-störf ABC-dómara | 2002 | 2001 | 2000 | 1999 | 1998 |
|---|---|---|---|---|---|
| • Störf sem dómari | 667 | 556 | 555 | 588 | 572 |
| • Störf sem aðstoðardómari | 612 | 569 | 589 | 596 | 586 |
| • Störf sem varadómari | 32 | 34 | | | |
| • Verkefni samtals | 1.311 | 1.159 | 1.144 | 1.184 | 1.158 |

Ótalin eru alþjóðleg störf, leikir í úrslitakeppnum, leikir félaga, æfingaleikir og innanhússmót. Sérstakt yfirlit fylgir skýrslunni, sem sýnir nöfn og flokkun dómara, ásamt sundurliðuðum fjölda verkefna í meistaraflokkum 2002, svo og í 2. flokki karla (ekki með í yfirliti fyrri ára).

**Aðrir KSÍ dómarar**

Um 70 aðrir dómarar (D-hópur) störfuðu einnig við meistaraflokksleiki, þar sem landsdómara er ekki krafist, bæði fyrir KSÍ og beint fyrir félögin. Hér er um að ræða mikilvæg störf sem dómari í 3. deild karla og aðstoðardómari í 1. og 2. deild karla og í Símadeild kvenna.

| Innlend KSÍ-störf D-dómara | 2002 | 2001 | 2000 | 1999 | 1998 |
|---|---|---|---|---|---|
| • Störf sem dómari | 157 | 156 | 170 | 162 | 168 |
| • Störf sem aðstoðardómari | 694 | 644 | 599 | 613 | 584 |
| • Verkefni samtals | 851 | 800 | 769 | 775 | 752 |

Taflan sýnir fjölda starfa D-dómara í meistaraflokki, en auk þess sinna þeir fjölda verkefna hjá félögum sínum í yngri flokkum, svo og æfingaleikjum og leikjum í innanhússmótum.

**Dómgæsla í 2. flokki karla**

KSÍ skipaði dómara (ekki aðstoðardómara) á leiki í A- og B-deild Íslandsmóts 2. flokks karla, auk leikja í Bikarkeppni 2. flokks (frá og með 8-liða úrslitum). KSÍ hefur eingöngu annast dómgæslu í A-deild undanfarin 2 ár, en nú bættust B-deild og bikarinn við.

**Æfingaferðir dómara**

Allmörgum dómurum gafst tækifæri á æfingaferð til útlanda í mars og apríl á vegum KSÍ og Úrvals/Útsýnar. Til Portúgal fóru 5 dómarar, 3 í fyrri ferð til Spánar og 6 í seinni ferð.

**Millirikjadómarar og erlend verkefni**

Íslenskir dómarar á millirikjalista FIFA voru þessir árið 2002:

| | | |
|---|---|---|
| FIFA-dómarar | Bragi Bergmann | Egill Már Markússon |

| | | |
|---|---|---|
| | Gylfi Þór Orrason | Kristinn Jakobsson |
| FIFA-aðstoðardómarar | Einar Guðmundsson<br>Guðmundur H Jónsson<br>Haukur Ingi Jónsson<br>Sigurður Þór Þórsson | Eyjólfur Finnsson<br>Gunnar Gylfason<br>Pjetur Sigurðsson |

Guðmundur H Jónsson kom nýr á listann í stað Ólafs Ragnarssonar sem hætti að eigin ósk.

Kristinn Jakobsson var í hæfileikahópi UEFA fyrir unga dómara 2001, en þeirri áætlun lauk í ársbyrjun 2002. Í september 2001 var Kristinn hækkaður í dómaraflokkun innan UEFA og er hann nú í hópi 2 (Category 2) og er líklegt að hann fái aukin og verðugri verkefni árið 2003.

Öll alþjóðleg verkefni íslenskra dómara árið 2002 koma fram í sérstöku yfirliti.

**Landsdómararáðstefna og fræðslufundir**

Hin árlega Landsdómararáðstefna var að þessu sinni haldin í Reykjavík í lok apríl. Aðalgestur var Keith Hackett, einn kunnasti milliríkjadómari Englands á árum áður. Fræðslufundir voru haldnir í Reykjavík, á Akureyri og á Ísafirði með öðrum KSÍ-dómurum. Fimm dómarar tóku þátt í hæfileikamótun ungra dómara að Laugarvatni í ágúst.

Haustið 2002 fór stór hópur deildardómara ásamt mökum í helgarferð til London sér til endurmenntunar og skemmtunar. Nutu dómarar styrks KSÍ til fararinnar með uppgjöri á gömlum landsdómarasjóði sem verið hafði í vörslu KSÍ um langt skeið.

**Unglingadómaranámskeið**

Haldin voru námskeið fyrir verðandi unglingadómara með aðstoð internetsins með svipuðum hætti og árið áður. Nemendur fengu þrisvar sinnum sent lesefni og ábendingar í tölvupósti, auk heimaverkefna. Að lokum voru 2 kennslustundir með kennara og lokapróf haldið í Reykjavík, en nemendur á smærri stöðum tóku próf í heimabyggð. Haldin voru námskeið í febrúar, apríl og nóvember og alls luku 79 dómaraefni prófi árið 2002, auk 25 nemenda sem luku prófi í Íþróttakennaraskólanum að Laugarvatni.

**Samningur við deildardómara**

Kjarasamningur við deildardómara rann út í árslok 2002, en gert er ráð fyrir að samningar takist fljótlega um nýjan samning. Útgjöld KSÍ vegna dómaralauna (ásamt tengdum gjöldum) urðu 13,5 milljónir króna árið 2002 (11 milljónir króna árið 2001).

**Erlendar ráðstefnur**

Fulltrúar dómaranefndar sóttu ekki erlendar ráðstefnur eða fundi á starfsárinu.

**Eftirlit með leikjum og störfum dómara**

Eftirlitsmenn KSÍ komu til eftirlits á 295 leiki í meistaraflokki karla og gerðu skýrslur um framkvæmd leikja, frammistöðu dómara og um háttvísi í Símadeild karla. Fræðslufundir fyrir eftirlitsmenn voru haldnir að vori í Reykjavík og á Akureyri. Samtals voru 40 eftirlitsmenn starfandi á vegum sambandsins árið 2002.

Sú breyting varð á högum eftirlitsmanna að teknar voru upp greiðslur til þeirra fyrir útlagðan kostnað, það er vegna aksturs og uppihalds vegna eftirlitsstarfa. Hér er um mikla breytingu að ræða og verður auðveldara að gera frekari kröfur til eftirlitsmanna þegar við á.

**Lokaorð**

Dómaranefnd KSÍ og starfsfólk dómaramála þakka ánægjulegt samstarf við aðildarfélög sambandsins, forráðamenn, dómara og eftirlitsmenn árið 2002.

Halldór B Jónsson, formaður

Flokkun og verkefni deildardómara KSÍ........

Alþjóðleg verkefni íslenskra dómara

# Skýrsla aganefndar

Aganefnd Knattspyrnusambandsins síðastliðið starfsár skipuðu Ágúst Ingi Jónsson, formaður, Gunnar Guðmundsson, Sigurður Halldórsson, Ásgeir Ármannsson, Einar M. Árnason og Helgi R. Magnússon, en starfsmaður aganefndar var Klara Bjartmarz. Þessir aðilar hafa skipað aganefnd frá árinu 1997.

**Fjöldi spjalda**
Meðaltal gulra og rauðra spjalda hækkaði frá síðasta ári eins og sjá má í meðfylgjandi töflu. Meðaltal gulra spjalda hækkar úr 1,83 í 1,90 og meðaltal rauðra úr 0,20 í 0,21. Sem fyrr eru prúðustu liðin ofarlega á stigatöflum í deildakeppnum, til dæmis Fylkir í Símadeild karla og Valur í Símadeild kvenna.

**Símadeild kvenna**
Valur var prúðasta liðið í Símadeild kvenna síðastliðið keppnistímabil en liðið hlaut einungis 2 gul spjöld í leikjunum 14 í deildinni og ekkert rautt spjald. Í heild voru veitt 49 gul spjöld í deildinni og 2 rauð. Þetta er fækkun á gulum spjöldum frá fyrra ári en rauðu spjöldin standa í stað. Það er andstætt því sem almennt var á tímabilinu, þ.e. fjölgun spjalda.

**Símadeild karla**
Meðaltal gulra og rauðra spjalda í Símadeild karla hækkaði heldur á milli ára. Á síðasta tímabili voru veitt 290 gul spjöld eða 3,22 að meðaltali í leik, en þau rauðu voru 23 eða 0,26 að meðaltali í leik. Árið áður, 2001, voru veitt 246 gul spjöld í deildinni (2,73 í leik) og 20 rauð (0,22). Meðfylgjandi er yfirlit yfir fjölda spjalda í efstu karla síðan 1991.

**Drago-styttur**
Drago-stytturnar eru veittar til háttvísustu liðanna í tveimur efstu deildum karla. ÍA hlýtur styttuna fyrir árið 2002 á grundvelli háttvísimats eftirlitsmanna KSÍ en liðið er í öðru sæti í útreikningi á fjölda refsistiga. Breiðablik hlýtur Drago-styttuna í 1. deild karla á grundvelli fjölda gulra og rauðra spjalda.

**Sektir**
Sektir vegna refsistiga og brottvísana þjálfara og forystumanna námu 532 þúsundum króna árið 2002 sem er umtalsverð aukning frá árinu á undan (402 þúsund krónur). Jafnframt er sektarákvæðum m.a. beitt vegna ónógrar gæslu og vegna ósæmilegrar hegðunar þjálfara, forystumanna og aðstandenda. Í ár var einu sinni sektað á þessum grundvelli, kr. 10.000 en í fyrra nam þessi sekt 20.000 krónum. Hér á eftir fylgir einnig listi yfir sektargreiðslur félaga.

Samstarfsmönnum í aganefnd og Klöru Bjartmarz, starfsmanni nefndarinnar, er þakkað gott samstarf á árinu, sömuleiðis öðru starfsfólki sambandsins, stjórnarmönnum KSÍ, dómurum, eftirlitsmönnum, leikmönnum og forystumönnum félaga.

Ágúst Ingi Jónsson, formaður

# Sektir aganefndar vegna refsistiga og brottv. af varamannabekk

| Félag | Fj. leikja | Sektir | Félag | Fj. leikja | Sektir |
|---|---|---|---|---|---|
| Árborg | 2 | 12.000 | Leiftur/Dalvík | 3 | 22.000 |
| Bolungarvík | 1 | 2.000 | Leiknir F. | 1 | 4.000 |
| Breiðablik | 6 | 23.000 | Leiknir R. | 4 | 18.000 |
| Bruni | 1 | 6.000 | Neisti D. | 2 | 16.000 |
| FH | 4 | 27.000 | Njarðvík | 1 | 14.000 |
| Fjarðabyggð | 1 | 10.000 | Reynir S. | 1 | 2.000 |
| Fjölnir | 5 | 26.000 | RKV | 1 | 6.000 |
| Fram | 3 | 14.000 | Selfoss | 1 | 6.000 |
| Fylkir | 4 | 15.000 | Sindri | 3 | 22.000 |
| Grótta | 2 | 7.000 | Stjarnan | 2 | 7.000 |
| Haukar | 4 | 26.000 | Tindastóll | 6 | 42.000 |
| HK | 6 | 26.000 | Tindastóll/KS | 1 | 1.000 |
| HK/Víkingur | 1 | 10.000 | Úlfarnir | 2 | 14.000 |
| Huginn/Höttur | 1 | 2.000 | Valur | 4 | 11.000 |
| ÍA | 3 | 18.000 | Vaskur | 1 | 2.000 |
| ÍBV | 4 | 18.000 | Víðir | 1 | 4.000 |
| ÍR | 3 | 13.000 | Víkingur R. | 4 | 13.000 |
| KA | 2 | 18.000 | Þór | 3 | 15.000 |
| Keflavík | 2 | 12.000 | Þróttur R. | 4 | 10.000 |
| KFS | 1 | 4.000 | Ægir | 3 | 9.000 |
| KR | 3 | 5.000 | **Samtals** | **107** | **532.000** |

## Fjöldi spjalda í mótum 2002

| Mót | Fjöldi leikja | Gul | Rauð | Meðalt. gul | Meðalt. rauð |
|---|---|---|---|---|---|
| Símadeild karla | 90 | 290 | 23 | 3,22 | 0,26 |
| 1. deild karla | 90 | 329 | 28 | 3,66 | 0,31 |
| 2. deild karla | 90 | 312 | 34 | 3,47 | 0,38 |
| 3. deild karla A | 45 | 160 | 18 | 3,56 | 0,40 |
| 3. deild karla B | 42 | 171 | 13 | 4,07 | 0,31 |
| 3. deild karla C | 30 | 51 | 7 | 1,70 | 0,23 |
| 3. deild karla D | 24 | 86 | 11 | 3,58 | 0,46 |
| 3. deild karla úrslit | 14 | 60 | 4 | 4,29 | 0,29 |
| | | | | | |
| Coca-Cola bikar karla | 68 | 173 | 16 | 2,54 | 0,24 |
| Deildarbikar karla | 112 | 257 | 28 | 2,29 | 0,25 |
| | | | | | |
| Símadeild kvenna | 56 | 49 | 2 | 0,88 | 0,04 |
| 1. deild kvenna A | 42 | 49 | 9 | 1,17 | 0,21 |
| 1. deild kvenna B | 30 | 11 | 5 | 0,37 | 0,17 |
| | | | | | |
| 1. deild kvenna úrslit | 5 | 6 | 2 | 1,20 | 0,40 |
| Coca-Cola bikar kvenna | 15 | 6 | 0 | 0,40 | 0,00 |
| Deildarbikar kvenna | 36 | 27 | 3 | 0,75 | 0,08 |
| Símadeild kv. aukaleikir | 2 | 8 | 0 | 4,00 | 0,00 |
| | | | | | |
| 1. flokkur karla | 51 | 74 | 11 | 1,45 | 0,22 |
| 2. flokkur karla | 157 | 469 | 60 | 2,99 | 0,38 |
| 3. flokkur karla | 258 | 447 | 43 | 1,73 | 0,17 |
| 4. flokkur karla | 276 | 212 | 29 | 0,77 | 0,11 |
| | | | | | |
| 2. flokkur kvenna | 84 | 62 | 7 | 0,74 | 0,08 |
| 3. flokkur kvenna | 101 | 24 | 1 | 0,24 | 0,01 |
| | | | | | |
| 2. flokkur karla bikar | 27 | 103 | 12 | 3,81 | 0,44 |
| 3. flokkur karla bikar | 28 | 65 | 9 | 2,32 | 0,32 |
| 2. flokkur kvenna bikar | 11 | 8 | 0 | 0,73 | 0,00 |
| | | | | | |
| Eldri flokkur karla | 79 | 40 | 7 | 0,51 | 0,09 |
| **Samtals** | **1863** | **3549** | **382** | **1,90** | **0,21** |

## Fjöldi spjalda í mótum 2001

| Mót | Fjöldi leikja | Gul | Rauð | Meðalt. gul | Meðalt. rauð |
|---|---|---|---|---|---|
| Símadeild karla | 90 | 246 | 20 | 2,73 | 0,22 |
| 1. deild karla | 90 | 323 | 30 | 3,59 | 0,33 |
| 2. deild karla | 90 | 292 | 24 | 3,24 | 0,27 |
| 3. deild karla A | 45 | 141 | 20 | 3,13 | 0,44 |
| 3. deild karla B | 42 | 161 | 16 | 3,83 | 0,38 |
| 3. deild karla C | 24 | 87 | 9 | 3,63 | 0,38 |
| 3. deild karla D | 24 | 77 | 11 | 3,21 | 0,46 |
| 3. deild karla úrslit | 14 | 48 | 4 | 3,43 | 0,29 |
| | | | | | |
| Coca-Cola bikar karla | 62 | 181 | 15 | 2,92 | 0,24 |
| Deildarbikar karla | 114 | 277 | 31 | 2,43 | 0,27 |
| | | | | | |
| Símadeild kvenna | 56 | 65 | 2 | 1,16 | 0,04 |
| 1. deild kvenna A | 30 | 28 | 7 | 0,93 | 0,23 |
| 1. deild kvenna B | 12 | 6 | 0 | 0,50 | 0,00 |
| | | | | | |
| 1. deild kvenna úrslit | 5 | 5 | 0 | 1,00 | 0,00 |
| Coca-Cola bikar kvenna | 13 | 11 | 1 | 0,85 | 0,08 |
| Deildarbikar kvenna | 24 | 13 | 1 | 0,54 | 0,04 |
| Símadeild kv. aukaleikir | 2 | 2 | 1 | 1,00 | 0,50 |
| | | | | | |
| 1. flokkur karla | 53 | 94 | 4 | 1,77 | 0,08 |
| 2. flokkur karla | 162 | 417 | 65 | 2,57 | 0,40 |
| 3. flokkur karla | 228 | 354 | 41 | 1,55 | 0,18 |
| 4. flokkur karla | 274 | 138 | 7 | 0,50 | 0,03 |
| | | | | | |
| 2. flokkur kvenna | 50 | 9 | 1 | 0,18 | 0,02 |
| 3. flokkur kvenna | 81 | 16 | 3 | 0,20 | 0,04 |
| | | | | | |
| 2. flokkur karla bikar | 23 | 56 | 5 | 2,43 | 0,22 |
| 3. flokkur karla bikar | 27 | 42 | 15 | 1,56 | 0,56 |
| 2. flokkur kvenna bikar | 9 | 3 | 0 | 0,33 | 0,00 |
| | | | | | |
| Eldri flokkur karla | 75 | 56 | 6 | 0,75 | 0,08 |
| **Samtals** | **1719** | **3148** | **339** | **1,83** | **0,20** |

Spjaldaþróun í efstu deild karla

Spjaldaþróun í efstu deild kvenna

Spjaldaþróun í 1. deild karla

# Drago-styttur

## Símadeild karla

| Lið | Gul | Rauð | Refsistig |
|---|---|---|---|
| Fylkir | 22 | 1 | 26 |
| ÍA | 22 | 2 | 30 |
| Keflavík | 31 | 0 | 31 |
| Fram | 24 | 3 | 36 |
| Grindavík | 25 | 3 | 37 |
| KR | 29 | 2 | 37 |
| Þór | 30 | 3 | 42 |
| FH | 31 | 3 | 43 |
| KA | 31 | 3 | 43 |
| ÍBV | 45 | 3 | 57 |

***ÍA hlaut Drago-styttuna í Símadeild karla 2002 á grundvelli háttvísimats eftirlitsmanna KSÍ, en rauð og gul spjöld vega þungt í því mati.***

## 1. deild karla

| Lið | Gul | Rauð | Refsistig |
|---|---|---|---|
| Breiðablik | 24 | 0 | 24 |
| Afturelding | 19 | 2 | 27 |
| Valur | 23 | 3 | 35 |
| Þróttur R. | 31 | 2 | 39 |
| Haukar | 32 | 2 | 40 |
| ÍR | 35 | 3 | 47 |
| Sindri | 46 | 2 | 54 |
| Stjarnan | 44 | 3 | 56 |
| Víkingur R. | 36 | 5 | 56 |
| Leiftur/Dalvík | 39 | 6 | 63 |

***Handhafi Drago-styttunnar í 1. deild karla 2002 er Breiðablik.***

# Skýrsla háttvísinefndar

ÍA var prúðasta liðið í Símadeild karla samkvæmt háttvísimati eftirlitsmanna KSÍ. Háttvísimatið tekur mið af eftirfarandi atriðum: Fjölda áminninga og brottvísana, sóknarleik (jákvæður leikur) og framkomu leikmanna við mótherja og dómara. Einnig er lagt mat á framkomu liðsstjórnar og áhorfenda.

Í Símadeild kvenna var Valur prúðasta liðið, en þar var stuðst við fjölda spjalda á lið í mótinu.

Háttvísinefnd valdi Ágúst Gylfason, Fram, prúðasta leikmanninn í Símadeild karla og Ásgerði H. Ingibergsdóttur, Val, prúðasta leikmanninn í Símadeild kvenna. Ágúst og Ásgerður eru bæði þekkt fyrir prúðmennsku og háttvísi innan vallar sem utan.

Í nefndinni sátu A-landsliðsþjálfarar KSÍ, Atli Eðvaldsson og Jörundur Áki Sveinsson, auk Víðis Sigurðssonar og Óskars Ó. Jónssonar. Klara Bjartmarz var starfsmaður nefndarinnar.

# Skýrsla samninga- og félagaskiptanefndar

Samninga- og félagaskiptanefnd KSÍ 2002 skipuðu eftirtaldir: Þórarinn Gunnarsson, formaður, Lúðvík S. Georgsson og Steinar Þór Guðgeirsson. Varamenn voru Guðmundur H. Pétursson, Jóhann Albertsson og Páll Bragason. Starfsmenn nefndarinnar voru Birkir Sveinsson og Klara Bjartmarz.

**Leikmannasamningar**

| | | 2002 | | 2001 | | 2000 | | 1999 | | 1998 | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Fj. í gildi 01/02/03** | **Fjöldi skráðra samninga*** | **Skr. samn** | **Fjöldi félaga** | **Skr. samn** | **Fjöldi félaga** | **Skr. samn** | **Fjöldi félaga** | **Skr. samn** | **Fjöldi félaga** | **Skr. samn** | **Fjöldi félaga** |
| 202 | Símadeild karla | 105 | 10 | 119 | 10 | 117 | 10 | 151 | 10 | 136 | 10 |
| 91 | 1. deild karla | 55 | 7 | 79 | 9 | 84 | 9 | 72 | 8 | 99 | 10 |
| 40 | 2. deild karla | 49 | 6 | 14 | 2 | 43 | 7 | 47 | 4 | 34 | 4 |
| 0 | 3. deild karla | 15 | 2 | 16 | 3 | 7 | 4 | 4 | 1 | 7 | 3 |
| 33 | Símadeild kvenna | 45 | 5 | 62 | 6 | 39 | 5 | 42 | 3 | 35 | 4 |
| 0 | 1. deild kvenna | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| | | | | | | | | | | | |
| 274 | Leikmannssamningar | 154 | 16 | 188 | 19 | 196 | 19 | 214 | 18 | 198 | 20 |
| 87 | Sambandssamningar | 113 | 14 | 95 | 12 | 94 | 16 | 102 | 10 | 88 | 10 |
| 5 | Uppeldissamningar * | 2 | 2 | 10 | 3 | 12 | 2 | 23 | 6 | 25 | 9 |

* Fjöldi skráðra samninga á árinu er ekki það sama og fjöldi leikmanna á samningi
** Uppeldissamningur er fylgiskjal með leikmannssamningi

**Breytingar á reglugerðum leikmannssamninga og félagaskipta**
Á ársþingi KSÍ voru gerðar ýmsar breytingar til að komast hjá árekstrum við nýja reglugerð FIFA um félagaskipti. Helstu breytingarnar voru þær að felld var úr gildi heimild til að gera uppeldissamninga, hámarkslengd samninga var breytt í 3 ár og heimild félaga að gera sín á milli venslasamninga var ekki framlengd.
Nýtt eyðublað fyrir samninga, *Staðalsamningur KSÍ,* var tekið í notkun á árinu ásamt því að nú þurfa öll fylgiskjöl leikmannasamninga að fylgja með samningunum og fylgir skrifstofan ströngum reglum í meðferð þeirra.

**Ný reglugerð FIFA um félagaskipti**
Við gildistöku nýju reglugerðarinnar frá FIFA (tók gildi 1. september 2001) breyttist allt umhverfi varðandi félagaskipti milli landa. Helstu breytingarnar voru þær að settar eru hömlur á félagaskipti leikmanna yngri en 18 ára milli landa, kveðið er á um að leikmaður megi einungis hafa ein félagaskipti á ári, og breytt fyrirkomulag á greiðslum fyrir leikmenn 22 ára og yngri sem eru með útrunninn samning (uppeldisbætur). Í þessum reglugerðum er einnig kveðið á um uppsagnarákvæði eldri leikmanna og samstöðubætur til uppeldisfélaga við sölur á leikmönnum.
Þrátt fyrir að reglugerðin hafi tekið gildi eru ýmis atriði óljós og þarfnast frekari skoðunar af hálfu FIFA. Meðan þetta ástand varir fer skrifstofa KSÍ varlega við afgreiðslu fálagaskipta á milli landa.

**Málum vísað til nefndarinnar**

Eftir frekar rólegt ár hjá nefndinni 2001 tók við annasamt ár við úrlausn ágreiningsefna. Mörg smærri ágreiningsefni voru leyst af nefndarmönnum eða af starfsmanni nefndarinnar. Eftirfarandi mál voru tekin formlega fyrir hjá nefndinni:

*ÍA gegn Ellerti Jóni Björnssyni*

Ellert Jón Björnsson leikmaður ÍA var á uppeldissamningi hjá ÍA. Í lok uppeldistímabilsins sagði hann upp samingnum við ÍA. Vegna misræmis í dagsetningum á KSÍ samningnum og fylgiskjölum kom upp ágreiningur um það hvort tímabilið væri útrunnið sem hann hefði til að segja upp samningnum. Í framhaldinu óskaði ÍA eftir því að skipaður yrði gerðardómur til að skera úr um ágreininginn. Nefndin reyndi ítrekað að leita sátta en án árangurs. Gerðadómurinn komst að þeirri niðurstöðu að misræmi í dagsetningum bæri að skýra Ellerti í hag og uppsögnin því gild.

*Guðni Rúnar Helgason gegn Val*

Guðni Rúnar Helgason leikmaður Vals sendi erindi þar sem hann fór fram á riftun á leikmanns-samningi sínum við Val. Ágreiningurinn snérist um túlkun á launasamningi og hvort að um verulegar vanefndir væri að ræða að hálfu Vals. Sáttaumleitanir í málinu reyndust árangurslausar.
Nefndin tók málið fyrir og hafnaði riftun, en úrskurðaði að Val bæri að greiða Guðna vangoldin laun innan 15 daga og í framhaldinu bæri honum að sinna boðun til æfinga og keppni.

*Breiðablik gegn Grindavík vegna Atla Knútssonar*

Ágreiningur félaganna snérist um félagaskiptagjald fyrir Atla Knútsson vegna félagaskipta úr Breiðabliki í Grindavík. Félögin gerðu samkomulag um að Atli fengi félagaskipti í Grindavík og myndi jafnframt skuldbinda sig til að hlíta úrskurði nefndarinnar. Ágreiningurinn snérist um það hvort Atli teldist vera á samningi hjá Breiðabliki eða hvort hann væri fallinn úr gildi. Í samningi Atla og Breiðabliks var ákvæði í fylgiskjali með samningnum sem tiltók að samningurinn myndi falla úr gildi ef félagið félli úr Símadeildinni. Breiðablik taldi að einungis væri um það að ræða að viðauka-samingurinn myndi falla úr gildi.
Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að Breiðablik hefði átt að búa svo um hnútana að uppsagnarákvæðið væri skýrt og ótvírætt og bæri því að skýra vafaatriði Atla í hag. Atli var því laus undan samningi og Grindavík bar því einungis að greiða Breiðabliki félagskiptagjald skv. afreksstuðli Atla.

*Afreksstuðull á Scott Ramsay*

Grindavík sendi erindi þar sem þeir fóru fram á endurmat á afreksstuðli fyrir Scott Ramsay. Þeir töldu miklar líkur á því að ef hann væri íslenskur ríkisborgari væri hann búinn að leika 12 landsleiki fyrir Ísland og ætti þar af leiðandi að vera með stuðulinn 7.
Nefndin taldi stuðulinn 7 ekki koma til álita. Hins vegar taldi nefndin það líklegt að hann hefði náð að leika 2 landsleiki, sérstaklega þegar tillit er tekið til fjölda leikmanna sem leikið hafa landsleiki undanfarin fjögur ár. Úrskurður nefndarinnar var sá að Scott Ramsay fengi afreksstuðulinn 5.

**Félagaskipti**

Fjöldi félagaskipta í ár var 1.078 sem er mjög svipaður fjöldi og undanfarin ár. Líkt og á síðasta ári þurfti starfsfólk nefndarinnar að grípa inn í mál þar sem forráðamenn félaga neituðu leikmönnum um félagaskipti. Í einu tilfelli gekk mál svo langt að stjórn KSÍ þurfti að gefa út keppnisleyfi.

| | **2002** | **2001** | **2000** | **1999** |
|---|---|---|---|---|
| *Fjöldi félagaskipta* | 1.078 | 1.096 | 1.105 | 1.043 |

Öðrum nefndarmönnum, starfsmönnum nefndarinnar svo og öðru starfsfólki KSÍ vil ég þakka gott samstarf.

Þórarinn Gunnarsson, formaður

# Skýrsla fræðslunefndar

Í fræðslunefnd sátu: Lúðvík S. Georgsson formaður, Ástráður Gunnarsson, Guðni Kjartansson, Ingibjörg Hinriksdóttir, Kristinn Björnsson og Örn Ólafsson. Starfsmaður nefndarinnar og fræðslustjóri KSÍ var Sigurður Ragnar Eyjólfsson og tók hann við því starfi af Guðna Kjartanssyni í febrúar. Nefndin hélt 8 bókaða fundi á árinu og voru eftirfarandi mál efst á baugi hjá henni.

**Þjálfaramenntun**

Stærsta verkefni starfsárins var að ganga frá umsókn okkar að þjálfaramenntunarsáttmála UEFA. Í umsókn okkar til UEFA sóttum við um að þjálfaranámskeið KSÍ nr. I, II, III og IV yrðu metin jafngild UEFA-B þjálfararéttindum en það er fyrsta þjálfaragráða UEFA. UEFA sendi Svíann Lars Arnesson sem úttektaraðila á námskeið okkar í nóvember og hann kom með tillögur um smávægilegar breytingar sem við þyrftum að gera á þjálfaranámskeiðum okkar til að fá umsóknina samþykkta. Nefndin mun því senda inn breytta umsókn í janúar 2003 og vonast eftir að fá lokasamþykki á næsta fundi hjá JIRA, nefnd UEFA um þjálfaramenntun, í maí 2003. Jafnframt hefur verið ákveðið að hefja undirbúning á umsókn okkar að fá viðurkenningu á UEFA-A þjálfaragráðunni, sem er næsta þjálfaragráða UEFA fyrir ofan UEFA-B. UEFA-Pro gráða er svo efsta þjálfaragráða UEFA og munum við væntanlega reyna að vera í samstarfi við hin Norðurlöndin um að fá að senda til þeirra þá þjálfara sem vilja ljúka þessari gráðu í framtíðinni.

**Námskeiðahald**

Metþátttaka var á þjálfaranámskeiðum KSÍ og voru því haldin tvö KSÍ-I námskeið í október, sem 62 þjálfarar mættu á. Tvö KSÍ-II námskeið voru líka haldin í nóvember og þar mættu 39 þjálfarar. Eitt KSÍ-III námskeið var haldið í apríl og þar mættu 17 þjálfarar. Loks voru haldin tvö KSÍ-IV námskeið á árinu, í maí og í nóvember og alls mættu þar 39 þjálfarar. Alls sóttu því 157 þjálfarar sér menntun á þjálfaranámskeið KSÍ árið 2002 en til samanburðar voru það 109 þjálfarar sem sóttu sér menntun til okkar árið 2001. Reikna má með aukinni þátttöku á þjálfaranámskeiðum KSÍ næstu árin vegna leyfiskerfisins en þar verður nú krafist aukinnar menntunar þjálfara.

Fest voru kaup á fartölvu á árinu sem hefur nýst vel til kennslu á þjálfaranámskeiðum okkar ásamt því að UEFA styrkti okkur um aðra fartölvu, skjávarpa, ferðaprentara og þrjú eintök af þjálfaraforritinu *Tactfoot* sem mun nýtast landsliðsþjálfurum okkar og til kennslu á þjálfaranámskeiðum okkar. Fest voru kaup á tveimur færanlegum skallatennisvöllum sem þjálfarar geta fengið til útláns án endurgjalds.

Á ofangreindum námskeiðum störfuðu eftirtaldir þjálfarar og sérfræðingar sem leiðbeinendur: Atli Eðvaldsson, Birkir Sveinsson, Bjarni Jóhannsson, Bjarni Stefán Konráðsson, Brynjar Karl Sigurðsson, Friðrik Ellert Jónsson, Guðmundur Hreiðarsson, Guðni Kjartansson, Ingi Jónsson, Klemenz Sæmundsson, Kristján Guðmundsson, Sigurður Ragnar Eyjólfsson, Sigurður Þórir Þorsteinsson, Steinar Aðalbjörnsson, Svali Björgvinsson og Þorlákur Árnason.

**Erlend samskipti**

Ragnhildur Skúladóttir var fulltrúi KSÍ á norrænni ráðstefnu um barna- og unglingaíþróttir er haldin var í Danmörku 19.-22. september.
Guðni Kjartansson og Sigurður Ragnar Eyjólfsson fræðslustjóri KSÍ sóttu ráðstefnu í Varsjá á vegum UEFA 23.-25. september vegna uppgjörs á HM í knattspyrnu. Sömuleiðis sótti Sigurður Ragnar Eyjólfsson ráðstefnu í Flórens á vegum UEFA 26.-28. nóvember um Futsal (innanhúsknattspyrnu).
Atli Eðvaldsson, Magnús Gylfason, Ólafur Þórðarson og Sigurður Ragnar Eyjólfsson sóttu norræna ráðstefnu í Eerikkila í Finnlandi 10.-13.desember, þar sem fjallað var um þjálfun ungra leikmanna, uppgjör á HM, stöðu og framtíð kvennaknattspyrnunnar á Norðurlöndunum og hæfileikamótun.
Per Rud landsliðsþjálfari U17 kvenna hjá Danmörku hélt fyrirlestur á vegum fræðslunefndar KSÍ 9. júlí til eflingar kvennaknattspyrnu á Íslandi. Per Rud ræddi fyrst og fremst um skipulag Dana við val á landsliðunum og eftir hverju hann leitar í fari leikmanna þegar hann velur í landslið. Alls voru 26 manns sem sóttu fyrirlesturinn (13 konur og 13 karlar).

**Knattspyrnuskóli KSÍ**

Knattspyrnuskólar drengja og stúlkna fóru að venju fram að Laugarvatni í júní. Skóli stúlknanna fór fram dagana 18.-22. júní og sóttu hann 51 stúlka. Ragnhildur Skúladóttir var skólastjóri og henni til aðstoðar Brynja Guðjónsdóttir. Hjá drengjunum fór skólinn fram dagana 23.-27. júní en hann sóttu samtals 48 drengir. Freyr Sverrisson var skólastjóri og honum til aðstoðar Guðjón V. Guðjónsson. Þekktir leikmenn og þjálfarar komu í heimsókn í knattspyrnuskólana að vanda.

**Knattþrautir KSÍ og Símans**

KSÍ og Síminn í samvinnu við þjálfara 5. flokks karla og 4. flokks kvenna efndu til knattþrauta fyrir þessa flokka í sumar. Markmiðið var að efla knatttækni í þessum aldurshópi og voru 2 drengjum og 2 stúlkum frá hverju Símadeildarliði veitt verðlaun fyrir mestu framfarir á vináttulandsleik Íslands og Andorra. Þó keppnin hafi verið eingöngu hjá Símadeildarliðunum að þessu sinni þá voru knattþrautirnar sendar til allra félaga á landinu sem höfðu lið í þessum flokkum og vonandi gefst tækifæri til að verðlauna fleiri næsta sumar. Knattþrautirnar eru aðgengilegar á vef KSÍ.

**Útbreiðslustarf**

Ráðist var í stórt útbreiðsluverkefni á árinu í tengslum við HM í knattspyrnu og fékk það heitið *HM heimur* og var haldið í Vetrargarði Smáralindar í samvinnu við nokkur fyrirtæki og styrktaraðila KSÍ. Björgvin Finnsson var ráðinn í þetta 6 vikna verkefni og sá um það ásamt Sigurði Ragnari Eyjólfssyni, fræðslustjóra KSÍ. Dagskráin var fjölbreytt, m.a. gátu gestir Smáralindar farið í skallatennis á strandblakvelli, haldnar voru ýmsar keppnir, t.d. í að halda bolta á lofti, skothörkumælingar, og að hitta bolta í gegnum KSÍ dúkinn og Coca-Cola skiltið. Börn og unglingar gátu tekið þátt í knattþrautum sem aðildarfélögin voru virk í að stjórna, ásamt því að haldin var vegleg sýning á keppnistreyjum landsliðsmanna fyrr og síðar. Hápunktur verkefnisins var svo uppboð á sérvöldum keppnistreyjum og safnaðist þar nær hálf milljón króna til styrktar *Krafti* (styrktarfélag ungra krabbameinssjúklinga og þeirra aðstandenda). Þá nýttist þessi vettvangur m.a. til að kynna kvennaknattspyrnu og leiki A-landsliðs kvenna. Aðildarfélögin eiga öll þakkir skildar fyrir að senda leikmenn til útbreiðslu í HM heiminum í sumar. Án þeirra hjálpar hefði ekki verið mögulegt að sinna verkefninu.

Önnur helstu útbreiðsluverkefnin voru í stuttu máli þessi:

*Íþróttir og tómstundir fyrir þig*, Íþróttahúsið Varmá í Mosfellsbæ, 3.-5. maí. Kynnt var kvennaknattspyrna og stúlkur hvattar til knattspyrnuiðkunar, gefin plaköt og boðsmiðar á leik kvennalandsliðsins.

*Landsbankadagurinn í Laugardalshöll* 8.júní. Börnum leyft að hitta í götin á KSÍ dúknum og gefin plaköt af landsliðum Íslands, 300-400 börn tóku þátt.

*Kynning á kvennalandsliðinu í Smáralind*, 16.mars. A-landslið kvenna gaf eiginhandaráritanir, plaköt og boðsmiða á landsleik til að hvetja stúlkur til að stunda knattspyrnu og til að fá fólk á völlinn. Síminn styrkti þessa kynningu með því að gefa 3.000 plaköt.

*Ýmis útbreiðsluverkefni þjálfara og leikmanna árið 2002.* Ýmis smærri tækifæri til útbreiðslu voru nýtt og nokkrar fyrirspurnir bárust utan af landi um að fá leikmenn og þjálfara í heimsókn. Freyr Sverrisson heimsótti Ísafjörð og Framhaldsskólann að Laugum, hélt æfingar og ræddi við þjálfara, leikmenn og nemendur. Sigurður Ragnar Eyjólfsson heimsótti Knattspyrnuskóla Íslands á Sauðárkróki og tók þátt í æfingum og ræddi við nemendur og kennara.

Eftirtaldir aðilar komu hvað mest að útbreiðslustarfinu: Aðildarfélögin og leikmenn þeirra, A-landslið kvenna, Björgvin Finnsson, Freyr Sverrisson, Haukur Ingi Guðnason, Klara Bjartmarz, Ómar Smárason, Sigurður Ragnar Eyjólfsson og yngri kvennalandsliðin.

**Lokaorð**

Mikið var að gera á þessu starfsári hjá fræðslunefnd og verkefnin of mörg til að komast yfir þrátt fyrir að ráðinn hafi verið fræðslustjóri í fullt starf. Mikil vinna hefur verið unnin í gerð námsefnis fyrir þjálfaranámskeið okkar og hafa kennarar á námskeiðunum staðið sig með eindæmum vel. Nánast öll kennslugögn eru nú merkt KSÍ og eru komin á staðlað form.

Framtíðarverkefnin eru mörg: Breyta þarf UEFA-B umsókn okkar og hefja vinnu við að sækja um UEFA-A þjálfaragráðuna. Fræðslunefnd stefnir að opnun fræðsluvefs á næsta starfsári þar sem þjálfarar geta sótt sér æfingar og kennsluefni af þjálfaranámskeiðum KSÍ. Stefnt er að því að allt kennsluefni þjálfaranámskeiða KSÍ verði aðgengilegt á vefnum.

Ég vil að lokum þakka meðnefndarmönnum mínum og fræðslustjóra frábært samstarf á starfsárinu, svo og öðrum sem komið hafa að starfi og verksviði fræðslunefndar. Starfsfólki KSÍ er jafnframt þökkuð góð samskipti og aðstoð í starfi nefndarinnar.

Lúðvík S. Georgsson, formaður

# Knattspyrnuskóli KSÍ - Drengir fæddir 1988

| Félag | Nafn | Kennitala |
|---|---|---|
| Afturelding | Steinarr Ragnarsson | 150988-3739 |
| Austri | Eggert Gunnþór Jónsson | 180888-2339 |
| Austri | Gísli Már Magnússon | 200488-2459 |
| BÍ | Benedikt Hauksson | 271088-3109 |
| Breiðablik | Hrafn Ingason | 220988-2799 |
| Breiðablik | Orri Einarsson | 180388-2309 |
| Dalvík | Hannes Reynisson | 040388-3899 |
| FH | Bjarni Þór Viðarsson | 050388-2399 |
| Fjölnir | Ottó Marínó Ingason | 270188-2309 |
| Fram | Grímur Björn Grímsson | 170388-2329 |
| Fylkir | Kjartan Andri Baldvinsson | 060588-2499 |
| Grindavík | Alexander Veigar Þórarinsson | 141288-2539 |
| Grótta | Björn Ingi Ásgeirsson | 270488-2859 |
| Grundarfjörður | Ásgeir Þór Ásgeirsson | 260588-2229 |
| Haukar | Úlfar Hrafn Pálsson | 161088-2349 |
| HK | Daníel Már Pálsson | 260388-2589 |
| HK | Rúrik Gíslason | 250288-2719 |
| Huginn S. | Elmar Bragi Einarsson | 231188-2319 |
| Hvöt | Hámundur Örn Helgason | 110888-2609 |
| Höttur | Jörgen Þorvarðarson | 090488-3099 |
| ÍA | Arnór Smárason | 070988-3219 |
| ÍA | Atli Guðjónsson | 250288-3529 |
| ÍBV | Ellert S Pálsson | 280588-3349 |
| KA | Arnar Helgason | 270588-3529 |
| Keflavík | Þorsteinn Þorsteinsson | 241288-2269 |
| KR | Skúli Jón Friðgeirsson | 300788-2389 |
| KS | Kristinn Baldursson | 290188-4079 |
| KS | Sigurbjörn Hafþórsson | 170888-3329 |
| Leiftur | Ágúst Kolbeinn Sigurlaugsson | 170188-2759 |
| Leiknir F. | Bergsteinn Ingólfsson | 240388-2199 |
| Leiknir R. | Halldór Kristinn Halldórsson | 130488-2779 |
| Reyni H. | Jón Steinar Ólafsson | 150588-2359 |
| Selfoss | Baldur Þór Elíasson | 070188-2959 |
| Sindri | Gunnar Örn Marteinsson | 160388-3589 |
| Skallagrímur | Arnar Helgi Jónsson | 300788-3279 |
| Tindastóll | Konráð Þorleifsson | 250988-2819 |
| UMF Hrunamanna | Snorri Helgason | 280888-3629 |
| Njarðvík | Albert Karl Sigurðsson | 180188-2159 |
| Tindastóll | Ísak Sigurjónsson | 310588-2936 |
| Valur | Ármann D Sigurðsson | 070688-2559 |
| Víðir | Heiðar M. Arnarsson | 070788-3309 |
| Víkingur R. | Þorvaldur Sveinsson | 210788-2399 |
| Víkingur Ó. | Fannar Hilmarsson | 170488-2029 |
| Völsungur | Halldór Fannar Júlíusson | 190588-2899 |
| Þór A. | Andri Ásgrímsson | 070588-3319 |
| Þróttur Nes. | Reynir Örn Harðarson | 021088-3239 |
| Þróttur R. | Trausti Eiríksson | 120588-2149 |
| Þróttur V. | Ísak Örn Þórðarson | 120788-4429 |
| Þróttur V. | Kristbjörn Hilmir Kjartansson | 240988-2409 |

# Knattspyrnuskóli KSÍ - Stúlkur fæddar 1988

| Félag | Nafn | Kennitala |
|---|---|---|
| Afturelding | Elín Pálmadóttir | 270288-2519 |
| Afturelding | Guðný B. Óðinsdóttir | 270988-3779 |
| BÍ | Helga Guðrún Magnúsdóttir | 290588-3679 |
| FH | Guðrún Alma Einarsdóttir | 140188-2989 |
| FH | Tinna Björk Kristinsdóttir | 280588-2299 |
| Fjölnir | Elísa Pálsdóttir | 190488-2179 |
| Fjölnir | Kristrún Kristjánsdóttir | 030888-2789 |
| Fylkir | Hrafnhildur Hekla Eiríksdóttir | 070588-3749 |
| Fylkir | Ruth Þórðar Þórðardóttir | 041088-2309 |
| Grindavík | Bentína Frímannsdóttir | 200488-3639 |
| Grindavík | Tanja Buchholz | 010788-2349 |
| Grundarfjörður | Birna Kristmundsdóttir | 191288-2039 |
| Grundarfjörður | Sædís Karlsdóttir | 170388-2919 |
| Haukar | Linda Þorláksdóttir | 260588-3119 |
| Haukar | Ólöf Adolfsdóttir | 030988-2729 |
| HK | Ása Dögg Aðalsteinsdóttir | 220488-2689 |
| HK | Ósk Kristinsdóttir | 090388-2239 |
| Huginn | Hjálmdís Vilhjálmsdóttir | 020588-2929 |
| Huginn | Oddný Ottósdóttir | 230388-2029 |
| Hvöt | Snædís Ósk Sigurjónsdóttir | 290688-4269 |
| ÍA | Lára Hólm Heimisdóttir | 290988-3739 |
| ÍBV | Ester Óskarsdóttir | 110588-3219 |
| ÍBV | Sólveig Rut Magnúsdóttir | 190888-3399 |
| KA | Freydís Anna Jónsdóttir | 230988-3319 |
| KA | Íris Ósk Gísladóttir | 030288-3869 |
| Keflavík | Alexandra Cruz Buenano | 140888-2149 |
| Keflavík | Bryndís Valdimarsdóttir | 040688-2859 |
| KR | Agnes Þóra Árnadóttir | 220288-3079 |
| KR | Guðlaug Sara Guðmundsdóttir | 140388-2059 |
| KS | Salóme Rut Kjartansdóttir | 300688-3069 |
| KS | Sunna Lind Jónsdóttir | 230788-3089 |
| Leiknir F. | Kristín María Kristmannsdóttir | 040388-3119 |
| Leiknir F. | Kristrún Ölversdóttir | 261188-3099 |
| Skallagrímur | Guðrún Selma Steinarsdóttir | 300888-3139 |
| Skallagrímur | Sigrún Sjöfn Ámundadóttir | 231188-3129 |
| Valur | Björg Magnea Ólafs | 080688-2889 |
| Valur | Elísabet Anna Kristjánsdóttir | 111288-2249 |
| Valur | Rósa Hauksdóttir | 300188-2069 |
| Víðir | Elísabet Ester Sævarsdóttir | 231088-2539 |
| Víðir | Lára G. Woodhead | 180588-3379 |
| Víkingur Ó. | Gígja Jónsdóttir | 020288-3029 |
| Víkingur Ó. | Sandra Snæbjörnsdóttir | 240488-2059 |
| Víkingur R. | Anna Garðarsdóttir | 240588-2349 |
| Víkingur R. | Þórey Þorgilsdóttir | 080888-3339 |
| Þór | Rakel Hönnudóttir | 301288-2639 |
| Þór | Silja Jóhannesdóttir | 161188-3019 |
| Þróttur Nes. | Petra Lind Sigurðardóttir | 260788-2139 |
| Þróttur R. | Karen Bergljót Knútsdóttir | 040788-3019 |
| Þróttur R. | Valgerður Jóhannsdóttir | 081188-2979 |
| Þróttur V. | Alexandra Guðjónsdóttir | 011188-2149 |
| Þróttur V. | Diljá Guðjónsdóttir | 011188-2499 |
| Þróttur V. | Elín Guðjónsdóttir | 011188-2309 |

# Skýrsla mannvirkjanefndar

Í mannvirkjanefnd sátu eftirfarandi starfsárið 2002: Lúðvík S. Georgsson formaður, Ásthildur Helgadóttir, Jón Runólfsson, Kristján Ásgeirsson og Þorbergur Karlsson. Starfsmaður nefndarinnar var Jóhann G. Kristinsson. Nefndin hélt alls 8 bókaða fundi á starfsárinu.

Eftirfarandi mál voru efst á baugi í verkefnum mannvirkjanefndar:

Norrænt þing mannvirkjanefnda var haldið á Íslandi 14. - 17. mars. Þar mættu auk Íslendinga 13 fulltrúar frá hinum Norðurlöndunum. Þar var m.a. farið yfir þau verkefni í mannvirkjamálum knattspyrnunnar sem efst eru á baugi í einstökum löndum, m.a. stöðuna í uppbyggingu gervigrasvalla og knattspyrnuhúsa og hvernig leyfiskerfi UEFA hefur áhrif varðandi almenna uppbyggingu knattspyrnumannvirkja í löndunum. Sérstök kynning var á nýju knattspyrnuhúsunum á Íslandi og voru Reykjaneshöll, Egilshöll og Fífan heimsóttar. Þá var fjallað sérstaklega um uppbyggingu leikvanga í löndunum, m.a. með tilliti til leyfiskerfis UEFA. Farið var yfir stöðuna varðandi þróun á stöðlum fyrir gervigras og starf norræna vinnuhópsins í þeim málum og samvinnu hans við UEFA og FIFA. Sömuleiðis var fjallað um uppbyggingu sparkvalla, en framtak Noregs á því svið var mjög rómað. Fleiri mál komu til umræðu og þótti þingið takast mjög vel.

Af öðrum verkefnum voru knattspyrnuhúsin auðvitað enn í brennidepli, en þrjú ný knattspyrnuhús með velli í fullri stærð voru vígð á starfsárinu, *Egilshöll* í Reykjavík, *Fífan* í Kópavogi sl. vor og *Boginn* á Akureyri í lok starfsárs. Það er því ný staða uppi hjá knattspyrnumönnum sem geta nú stundað íþrótt sína við frábærar aðstæður allt árið um kring. Knattspyrnan er í raun orðin að heilsársíþrótt.

Að venju var farið yfir skráningu knattspyrnumannvirkja og ýtt eftir megni á að úrbætur yrðu gerðar þar sem aðstaðan var ófullnægjandi, því að tími undanþága var liðinn og vel það. Eftir viðræður við þau félög og sveitarfélög, þar sem enn var pottur brotinn, náðist samkomulag um aðgerðir og var staðan í Símadeildinni orðin góð í lok keppnistímabils, og undanþágur aðeins varðandi girðingu á 1-2 stöðum. Heldur meira vantaði á í 1. deild, en staðan þó viðunandi. Má segja að augu félaga og sveitarfélaga séu loks að opnast fyrir því að góð áhorfendaaðstaða er hluti af uppbyggingu knattspyrnuleikvangs, og lykill að góðri aðsókn og tekjum af áhorfendum.

Aðlögun leyfiskerfis UEFA að íslenskum aðstæðum hvað varðar knattspyrnumannvirki var eitt af meginmálum ársins. Með samþykkt leyfiskerfis KSÍ aukast kröfurnar til mannvirkja hjá Símadeildar-félögunum verulega, t.a.m. verður krafist yfirbyggðrar áhorfendastúku fyrir um 1.000 manns. Undirtektir sveitarfélaga og félaganna fyrir þessum þörfum eru þó góðar og vilji til að þetta nái að ganga eftir. Með þeirri aðlögun sem sótt hefur verið um til UEFA vegna leyfiskerfisins, og fengist, þá á áhorfendaaðstaða og önnur nauðsynleg aðstaða á völlum í Símadeildinni að vera komin í mjög gott horf eftir 3-4 ár.

Auk þessara verkefna var mannvirkjanefnd KSÍ til ráðgjafar ýmsum félögum vegna framkvæmda tengdum félagssvæðum þeirra. Hér hefur nefndin hug á að vinna að bæklingi þar sem farið er yfir helstu kröfur og þarfir, sem hugsa þarf um á dæmigerðum knattspyrnuleikvangi á Íslandi, í Símadeild og 1. deild, og bent á mögulegar lausnir.

Undirritaður vill að lokum þakka samstarfsmönnum í mannvirkjanefnd og starfsfólki KSÍ fyrir ánægjulegt og gott samstarf á árinu.

Lúðvík S. Georgsson, formaður

# Heiðursviðurkenningar KSÍ

Eftirtaldir fengu heiðursviðurkenningu á árinu:

| Nafn | Félag | Merki |
|---|---|---|
| Dagbjartur Einarsson | Grindavík | Gull |
| Árni Arason | KA | Silfur |
| Gunnar Gunnarsson | KA | Silfur |
| Helga S Guðmundsdóttir | KA | Silfur |
| Magnús Sigurólason | KA | Silfur |
| Sigmundur Þórisson | KA | Silfur |
| Steindór Gunnarsson | KA | Silfur |
| Sæmundur Óskarsson | KA | Gull |
| Vignir Már Þormóðsson | KA | Silfur |
| Þormóður Einarsson | KA | Gull |
| Þorvaldur Örlygsson | KA | Silfur |
| Þórarinn E Sveinsson | KA | Silfur |
| Freyr Sigurðsson | KS | Gull |
| Friðfinnur Hauksson | KS | Silfur |
| Hafþór Kolbeinsson | KS | Silfur |
| Hörður Júlíusson | KS | Silfur |
| Ingibjörn Jóhannsson | KS | Silfur |
| Jakob Kárason | KS | Silfur |
| Kristján L Möller | KS | Silfur |
| Mark Duffield | KS | Silfur |
| Ólafur Kárason | KS | Silfur |
| Ólafur Þ. Ólafsson | KS | Silfur |
| Runólfur Birgisson | KS | Gull |
| Sigurjón Erlendsson | KS | Silfur |
| Þorsteinn Jóhannsson | KS | Gull |

# Kærur og úrskurðir

**Mál nr.1**

**Knattspyrnudeild Selfoss**
**gegn**
**Knattspyrnudeild Aftureldingar**

Kæra vegna leiks Aftureldingar og Selfoss í 2.fl.ka C riðli, sem fram fór 6.6.2002.

1. Gerð er krafa um að kæranda verði dæmdur sigur í ofangreindum leik. Til vara er gerð krafa um að leikurinn verði leikinn að nýju á heimavelli kæranda.
2. Málavextir eru tvíþættir:
    a. Sú undirskrift aðstoðardómara sem er á leikskýrslu, þ.e. Regína Úlfarsdóttir kt: 190357-2369, er ekki undirskrift þess aðila sem var aðstoðardómari 2 í leiknum. Því teljum við þennan hluta skýrslunnar vera falsaðan.
    b. Aðstoðardómari 1 hefur ekki réttindi, að okkur best vituðum, til að vera aðstoðardómari í 2.fl.ka.
3. Ekki eru gefnar réttar upplýsingar um aðstoðardómara 2 á leikskýrslu, enda viðkomandi aðili alls ekki starfi þessu vaxinn. Eins er með aðstoðardómara 1 sem hvorki hafði réttindi né getu til að starfa í umræddum leik. Kærandi telur ótvírætt að störf aðstoðardómaranna hafi haft mikil áhrif á úrslit leiksins.

*2. flokksráð U.M.F Selfoss*
*Ungmennafélagið Selfoss*

***Úrskurður Dómstóls KSÍ***
Samkvæmt 2. tl. 7. greinar laga um Dómstóla Knattspyrnusambands Íslands skal formaður dómsins svo fljótt sem hægt er taka afstöðu til þess hvort einhverjir formgallar samkvæmt 6. grein sömu laga geri að verkum að málið sé ekki tækt til meðferðar. Séu slíkir gallar á málinu skal dómsformaður vísa málinu frá dómi með úrskurði.

Að mati undirritaðs uppfyllir kæra kæranda ekki skilyrði 6. greinar áðurnefndra laga, einkum varðandi 3. tl. og 6. tl. greinarinnar. Annars flokks ráð Ungmennafélags Selfoss telst ekki falla undir 3. tl. greinarinnar. Málssóknarheimild þarf að vera skýr og kæra undirrituð af formanni eða framkvæmdastjóra viðkomandi deildar.

Af framangreindum ástæðum er máli þessu vísað frá dómi.

**Því úrskurðast:**
Máli þessu er vísað frá dómi.

Seltjarnarnesi 20. júní 2002

F.h. Dómstóls KSÍ
Gunnar Guðmundsson hdl.
dómsformaður

**Mál nr. 2**

**Knattspyrnudeild Keflavíkur**
**gegn**
**Knattspyrnudeild Fjölnis**

***Kæra Keflavíkur***
Kærður er leikur Keflavíkur og Fjölnis í 3. flokki karla, sem leikinn var í Keflavík 28. júní 2002, kl. 20.00.

Unglingaráð Knattspyrnudeildar Keflavíkur krefst þess:
Að úrslitum verði breytt og Keflavík dæmdur sigur.
Að Fjölnir verði dæmdur til refsingar (áminningar og sekt).

Fyrir leikinn fá forráðamenn félaganna leikskýrslu til útfyllingar, eftir að búið er að útfylla leikskýrslu á "löglegan" hátt er haldið að Iðavallarvelli. Áður en leikurinn hefst þar tilkynnir þjálfari Fjölnis að hann þurfi að gera breytingu á liðinu vegna meiðsla, leikmaður nr. 18 getur ekki hafið leik eins og hann hafði ritað á leikskýrslu og mun leikmaður nr. 17 hefja leikinn í hans stað. Þetta er samþykkt af dómara leiksins. Leikmaður nr. 17 skorar síðan tvö mörk í leiknum. Undir lok leiksins biður þjálfari Fjölnis um skiptingu, hann tekur leikmann nr. 17 út af og setur inn leikmann nr 17. Dómari bannar þessa skiptingu, þar sem tveir leikmenn geta ekki borið sama númer í sama leik. Eftir leikinn þegar farið er að skoða leikskýrslu kemur í ljós að enginn leikmaður er skráður nr 18, þrátt fyrir að þjálfari tilkynnir dómara að hann sé skráður á skýrslu í byrjunarliði. Auk þess kemur í ljós að enginn leikmaður sé skráður nr. 17 á leikskýrslu, þrátt fyrir að tveir leikmenn hafi sannanlega borið þetta númer. Að leik loknum þegar þjálfari Fjölnis er krafinn skýringa á þessum villum nefnir hann að leikmaður nr. 18 sé skráður nr 10 á skýrslu og leikmaður nr. 17 sé skráður nr. 14. Undir hvaða númeri hinn leikmaðurinn nr. 17 er skráður vitum við ekki. Okkur er ekki kunnugt um hvort Fjölnir hafi skráð fleiri númer/leikmenn ranglega á skýrsluna, en við getum ekki útilokað það.
Við krefjumst þess að Fjölnir verði dæmdur fyrir brot á "Reglugerð KSÍ um knattspyrnumót" grein 2.3.2 og 2.3.3. Við teljum að Fjölnir hafi getað haft hag af því að skrá leikmenn undir röngum númerum. T.d. ef umræddur leikmaður nr. 17 hefði verið áminntur eða rekinn af velli, hefði þjálfari Fjölnis geta nefnt annan leikmann til að taka út hugsanlegt leikbann.
Við sendum með þessari kæru ljósrit af leikskýrslu leiksins. Dómari leiksins sagði mér að hann hafi ritað athugasemdir á framhlið leikskýrslunnar og haldið áfram með athugasemdirnar á bakhlið skýrslunnar. Því miður tókum við ekki ljósrit af bakhliðinni áður en hún var send til Mótanefndar KSÍ.
Við munum vilja kalla til vitnis dómara leiksins, Sigurvin Hreinsson og þjálfara Fjölnis, Bryngeir Torfason og Guðjón Guðjónsson sem skrifaði undir skýrsluna sem forráðamaður. Ef þurfa þykir munum við kalla til Þóri Hannesson fyrirliða Fjölnis sem skrifaði undir skýrsluna, leikmann nr. 14 Sigurð Lúðvík Stefánsson, leikmann nr. 10 Hauk Lárusson, aðstoðardómara leiksins, Guðmund Guðbergsson og Þórólf Þorsteinsson.

Fyrir hönd Unglingaráðs,
Guðmundur Guðbergsson, mótsstjóri.
Unglingaráð Knattspyrnudeildar Keflavíkur

***Úrskurður Dómstóls KSÍ***
Samkvæmt 2. tl. 7. greinar laga um dómstóla Knattspyrnusambands Íslands skal formaður dómsins svo fljótt sem hægt er taka afstöðu til þess hvort einhverjir formgallar samkvæmt 6. grein sömu laga geri að verkum að málið sé ekki tækt til meðferðar. Séu slíkir gallar á málinu skal dómsformaður vísa málinu frá dómi með úrskurði.

Að mati undirritaðs uppfyllir kæra kæranda ekki skilyrði 6. greinar áðurnefndra laga, einkum varðandi 3. tl. Unglingaráð Knattspyrnudeildar Keflavíkur telst ekki falla undir 3. tl. greinarinnar.

Málssóknarheimild þarf að vera skýr og kæra undirrituð af formanni eða framkvæmdastjóra viðkomandi knattspyrnudeildar.

Af framangreindum ástæðum er máli þessu vísað frá dómi.

**Því úrskurðast:**
Máli þessu er vísað frá dómi.

Seltjarnarnesi 5.júlí 2002
F.h. Dómstóls KSÍ
Gunnar Guðmundsson hdl.
dómsformaður

**Mál nr. 3**

**Knattspyrnudeild KA**
**gegn**
**Knattspyrnudeild Stjörnunnar**

***Kæra KA***
Málsatvik eru þau að umræddur leikur var settur á með löglegum fyrirvara sunnudaginn 14. júlí kl. 16.00. Stuttu fyrir leik kemur í ljós að engir línuverðir (sem eru á ábyrgð heimaliðs) voru mættir. Þjálfari K.A. lét þá dómara leiksins vita af því að K.A. mundi ganga af leikvelli 30 mínútum eftir að leikurinn átti að hefjast ef löglegir línuverðir yrðu ekki mættir.
Upphófst nú mikil leit af starfsmönnum á leikinn og endaði með því að einn línuvörður fékkst ásamt einum leikmanni Stjörnunnar sem hafði m.a. klætt sig í keppnisbúning liðsins og tekið þátt í upphitun með Stjörnunni. Hann var strikaður af skýrslu og settur í dómarapeysu. Þjálfari K.A. var ósáttur með þessa þróun mála og tjáði dómara leiksins það, þetta gerðist kl. 16.31. Dómari leiksins sagði að ekkert væri við þessu að gera þar sem báðir línuverðirnir væru með dómararéttindi. Leikurinn hófst síðan um 16.35 og lauk með sigri heimaliðs.
Þess ber að geta að undirritaður var staddur um borð í Herjólfi á leið til Þorlákshafnar og var í símasambandi við Klöru Bjartmarz starfsmann KSÍ þar sem ég lýsti því yfir að okkar menn létu ekki bjóða sér slíka framkomu ítrekað, en því miður rofnaði síðan símasamband þannig að ég gat ekki fylgst með framvindu mála.

Þessi framkoma við leikmenn K.A. er með öllu ólíðandi og má geta þess að þetta er önnur keppnisferð liðsins til Reykjavíkur í sumar og í fyrri ferðinni kom álíka fyrir hjá Fjölni en þá samþykkti þjálfari K.A. það fyrir rest að spila með tvo dómara þar sem K.A. menn voru búnir að leggja í mikinn kostnað vegna ferðarinnar og vildu ekki fara erindisleysu.

Vegna þessara málsatvika þá kærir K.A. framkvæmd leiksins þar sem hann hófst 35 mínútum eftir að leikurinn átti að hefjast og krefst þess að úrslit leiksins verði ógild og leikurinn verði settur aftur á, á heimavelli K.A.

Með von um að þessi beiðni verði tekin fyrir sem fyrst þannig að aðildarfélög innan KSÍ taki þessi mál fastari tökum og láti þetta ekki koma fyrir.

Vitni K.A. er Sigurður Pétur Ólafsson kt. 160363-4609 þjálfari 2. flokks K.A.

Virðingarfyllst,
f.h. knattspyrnudeildar K.A.
Gunnar Gunnarsson varaformaður og framkvæmdastjóri knattspyrnudeildar K.A.
***Greinargerð Stjörnunnar***

**Dómkröfur**

Þess er krafist að úrslit leiks Stjörnunnar og KA í 2. flokki karla þann 14.7.2002 verði látin standa.

**Málsatvik og málsástæður**
Það er engin launung á því að boðaðir línuverðir mættu ekki á réttum tíma til leiks þann 14.7. sl. og harmar knattspyrnudeild Stjörnunnar að leikurinn hafi tafist af þeim sökum.

Hvað varðar málsatvikalýsingu kæranda þá er það sem þar kemur fram að mörgu leyti rétt, hvort að piltur sem vera átti leikmaður hafi tekið að sér línuvörslu skiptir engu máli því engin krafa er gerð til þess að línuverðir fullnægi öðrum skilyrðum en að vera með dómararéttindi sem báðir línuverðirnir voru með, þannig hefði þjálfari Stjörnunnar getað verið línuvörður hefði hann haft dómararéttindi, en hefði hann þá ekki mátt koma að framgangi leiksins að öðru leyti.

Hvað varðar tilvísanir kæranda til tímasetninga, þá virðist á aðra höndina hafa verið farið nákvæmlega eftir einhverri klukku, sem enginn veit hver bar eða hvort rétt var og á hina höndina er talað um að leikurinn hafi byrjað um 16.35 sem gæti þá allt eins verið 16.29

Í þessum efnum gildir klukka dómarans, en þess ber að geta að umræddur dómari kom frá KSÍ, það er því hann einn sem getur tekið þá ákvörðun að fresta leik skv. 8. tl. 3.5 greinar reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót á grundvelli töluliðar 6 í sömu grein. Dómarinn tók hins vegar þá ákvörðun að leikurinn skyldi spilaður enda uppfyllti framkvæmd hans öll skilyrði umræddrar reglugerðar KSÍ og verður slík ákvörðun ekki borin upp við Knattspyrnudómstól KSÍ frekar en aðrar ákvarðanir dómara í leik s.s. réttmæti vítaspyrnudóms o.s.frv.

Þá segir í 6. tl. áðurgreindrar greinar reglugerðarinnar: "...mætt til leiks innan 30 mínútna frá því að hann átti að hefjast..." Það hlýtur að vera óumdeilt, og ef ekki þá mun kærði sýna fram á slíkt með vitnaleiðslum, að umræddir línuverðir voru mættir til leiks innan 30 mínútna frá því að leikurinn átti að hefjast og því ekkert tilefni fyrir dómarann til þess að nýta sér rétt sinn til þess að fresta umræddum leik. Leikurinn kann hins vegar að hafa verið flautaður á kl. 16.29 eða 16.31.

Auk þess er á það bent að samkvæmt afriti af leikskýrslu umrædds leiks, þá er skráð að leikurinn hafi farið fram 14.7.2002 kl. 16.00 og eru engar athugasemdir gerðar við slíkt af dómara leiksins, né eitthvað skráð sérstaklega um mótmæli forsvarsmanna kæranda varðandi framkvæmd leiksins eins og skilyrt er samkvæmt 1. tl. greinar 4.1 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. Má því segja að kærandi hafi fyrirgert rétti sínum til kæru.

Loks hlýtur það að vera varhugavert fordæmi að láta leik spilast og síðan á að vera hægt að kæra leikinn ef að úrslitin eru ekki hagfelld viðkomandi. Þrátt fyrir að öll umgjörð og framkvæmd leiksins hafi verið eftir lögum Knattspyrnusambands Íslands en leikurinn hugsanlega byrjað einni mínútu of snemma eða of seint.

**Lagarök**
Um lagarök vísast til 6. og 8. tl. greinar 3.5. og 1. tl. greinar 4.1. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

**Áskilnaður**
Knattspyrnudeild Stjörnunnar áskilur sér rétt til að leggja fram sönnunargögn, og leiða vitni, s.s. þjálfara liða, dómara og línuverði, ásamt því að benda á ítarlegri málsástæður og lagarök til stuðnings kröfum sínum, sem og að koma að frekari kröfum, gefi tilefni til.

Virðingarfyllst,
f.h. knattspyrnudeildar Stjörnunnar
Sigurður Guðmundsson hdl.
***Úrskurður Dómstóls KSÍ***
Ár 2002, miðvikudaginn 31. júlí, er dómþing haldið hjá knattspyrnudómstól KSÍ að Kaupvangi 2, Egilsstöðum, af Hilmari Gunnlaugssyni dómara.

Fyrir er tekið málið nr. 3/2002: Knattspyrnudeild K.A. gegn Knattspyrnudeild Stjörnunnar. Gögn málsins merkt nr. 1 til 5 liggja frammi í réttinum. Enginn er mættur í réttinn. Er nú í réttinum kveðinn upp svofelldur dómur:

**I.**
Mál þetta er móttekið af skrifstofu KSÍ 18. júlí sl. Kærandi er Knattspyrnudeild K.A., kt. 510991-1849, Dalsbraut, 600 Akureyri. Kærði er Knattspyrnudeild Stjörnunnar, kt. 580589-1389, Stjörnuheimilinu v/ Ásgarð, 210 Garðabæ.
Málinu var úthlutað undirrituðum dómara í dómstól KSÍ þann 19. júlí sl. Með símbréfi sama dag var kærða gefinn frestur til miðvikudagsins 24. júlí til að skila greinargerð sinni í málinu. Þann 25. júlí sl. var málið þingfest og daginn eftir, eða föstudaginn 26. júlí sl. fór fram munnlegur flutningur málsins. Sama dag var það tekið til dóms.
Dómkröfur kæranda eru að úrslit leiks Stjörnunnar og K.A. í 2. flokki karla, Íslandsmótinu, B-deild, sem fram fór á Hofsstaðavelli 14. júlí 2002 verði dæmd ógild og að leikurinn verði settur aftur á á heimavelli K.A.
Dómkröfur kærða eru að úrslit leiksins verði látin standa.

**II.**
Kærandi lýsir málavöxtum svo að umræddur leikur hafi verið settur á með löglegum fyrirvara sunnudaginn 14. júlí 2002 kl. 16.00. Stuttu fyrir leik hafi komið í ljós að engir aðstoðardómarar hafi verið mættir. Þjálfari kæranda hafi látið dómara leiksins vita af því að K.A. myndi ganga af leikvelli 30 mínútum eftir að leikurinn hafi átt að hefjast ef löglegir línuverðir yrðu ekki mættir. Á endanum hafi fundist tveir aðstoðardómarar, en annar þeirra hafi verið leikmaður 2. flokks og verið búinn að klæða sig í keppnisbúning og hita upp með liði Stjörnunnar. Hann hafi verið strikaður út af skýrslu og settur í dómarapeysu. Þjálfari hafi verið ósáttur við þessa þróun mála og tjáð dómara leiksins það, kl. 16.31. Dómarinn hafi tjáð þjálfaranum að ekkert væri við þessu að gera, um aðila með tilskilin réttindi hafi verið að ræða.
Kærandi kveður umræddan leik hafa hafist kl. 16.35.
Kærandi vísar til greinar 3.5. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót, einkum liðar 6.

**III.**
Kærði viðurkennir að boðaðir aðstoðardómarar hafi ekki mætt á réttum tíma til umrædds leiks, en mótmælir því í greinargerð að sannað sé að leikurinn hafi byrjað eftir 16.30. Það sé klukka dómarans sem gildi og ekkert hafi verið skráð sem athugasemd á leikskýrsluna sem gefi tilefni til að ætla að leikurinn hafi byrjað meira en 30 mínútum eftir boðaðan tíma. Vísar kærði í þessu efni til 8. tl. greinar 3.5. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.
Þá bendir kærði á, að samkvæmt grein 3.5.6 í áðurnefndri reglugerð sé talað um að aðstoðardómarar skuli vera mættir til leiks innan 30 mínútna og það þýði ekki að leikurinn þurfi að hefjast innan þess tíma.
Þá telur kærði að kærandi hafi fyrirgert kærurétti sínum, þar sem engar athugasemdir hafi verið skráðar á leikskýrsluna, en þar segi að leikurinn hafi hafist kl. 16.00.
Að lokum telur kærði að það sé varhugavert fordæmi að láta leik spilast og síðan sé unnt að kæra hann ef úrslit leiksins séu óhagfelld. Vísar kærði þar til ákvæða 4.1. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

**IV.**
Fyrir dóminn komu þjálfari 2. flokks kæranda, Sigurður Pétur Ólafsson og dómari leiksins, Helgi Eiríksson.
Sigurður Pétur Ólafsson upplýsti að aðstoðardómarar hafi verið mættir til leiks kl. 16.30, en taldi ekki heimilt að nota sem aðstoðardómara mann, sem verið hafði á skýrslu sem leikmaður kærða þar til ljóst var að aðstoðardómara vantaði. Kvaðst hann hafa gert aðfinnslur við það við dómara, en á því tímamarki - þ.e. þegar aðstoðardómarar hafi verið tilbúnir - hafi hann ekki gert aðfinnslur þess efnis að ákvæði greinar 3.5.6 um 30 mínútna tímaramma væri brotið.
Vitnið Helgi Eiríksson staðfesti að þjálfari K.A. hefði þegar í upphafi hótað því að leikmenn K.A. myndu hverfa á braut að liðnum 30 mínútum frá boðuðum leiktíma, ef aðstoðardómarar væru ekki tilbúnir. Taldi vitnið að báðir aðstoðarmennirnir hafi verið komnir í hús 27-28 mínútum eftir settan

leiktíma, en taldi rétt að leikurinn hafi ekki hafist fyrr en meira en 30 mínútur voru liðnar frá fyrirhugaðri upphafsspyrnu. Staðfesti vitnið að þjálfari kæranda hafi gert athugasemdir við það að annar aðstoðardómara hefði verið á skýrslu sem leikmaður.

**V.**

Telja verður sannað að kærandi hafi áður en leikur hófst kvartað með slíkum hætti að grein 4.1., 1. tl. girði ekki fyrir að hann hafi getað kært leikinn eftirá vegna þeirra atriða sem kærandi gerir athugasemd við, sbr. og 3. tl. sömu greinar. Þykir því rétt að taka mál þetta til efnismeðferðar.

Athugasemdir kæranda og málatilbúnaður í kæruskjali og fyrir dóminum lúta að tvennu, annars vegar tímasetningum varðandi leikinn og hins vegar sérstakt hæfi annars aðstoðardómara.

Í málinu liggur fyrir að aðstoðardómarar voru mættir í hús áður en 30 mínútur voru liðnar frá fyrirhuguðum upphafstíma kappleiksins. Verður því talið að þeir hafi verið mættir til leiks í skilningi 6. tl. greinar 3.5. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. Verða úrslit leiksins því ekki dæmd ógild af þessum sökum.

Þeirri staðhæfingu kæranda að annar aðstoðardómara hafi verið á leikskýrslu sem leikmaður hjá kærða hefur ekki verið mótmælt. Af hálfu kærða er hins vegar á því byggt að engum reglum sé fyrir að fara sem geri slíkt ólöglegt, þar sem umræddur aðili hafi verið tekinn af leikskýrslu sem leikmaður.

Hvorki er að finna í töluliðum greinar 3.5. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót né reglugerð KSÍ um knattspyrnudómara, ákvæði sem fjalla um sérstakt hæfi knattspyrnudómara. Í málinu liggur fyrir að umræddur aðstoðardómari var ekki hafður á endanlegri leikskýrslu 2. flokks Stjörnunnar sem leikmaður. Þykir því verða að hafna þessari málsástæðu kæranda og fallast á kröfu kærða um að úrslit hins kærða leiks skuli standa óhögguð.

**Dómsorð**

Kröfu kæranda, Knattspyrnudeildar K.A. um að úrslit leiks Stjörnunnar og K.A. í 2. flokki karla, Íslandsmótinu, B-deild, sem fram fór á Hofstaðavelli 14. júlí 2002 verði dæmd ógild og að leikurinn verði settur aftur á á heimavelli K.A., er hafnað.

Dómsorðið er lesið í réttinum.

Dómþingi slitið.

## Mál nr. 4

### Knattspyrnudeild Aftureldingar
### gegn
### Knattspyrnudeild ÍA

***Kæra Aftureldingar***

Átta liða úrslitakeppni í Íslandsmeistaramóti KSÍ í 5. flokki karla er fram fór á Húsavík 16. – 18. ágúst 2002 verði leikin að nýju og að þjálfari 5. flokks karla, Jón Hugi Svavar Harðarson kt. 210663-3049, hjá Knattspyrnufélagi ÍA verði ávíttur fyrir óheiðarlega framkomu í garð mótherja og mótshaldara í ofangreidri úrslitakeppni. Hann biðji alla hlutaðeigandi aðila afsökunar á fram komusinni og að hann fái ekki að stýra liði sínu meira í þessari keppni. Knattspyrnufélagið ÍA greiði Aftureldingu 150.000 kr. vegna útlagðs kostnaðar við þátttöku í úrslitakeppninni á Húsavík.

Til vara fer kærandi fram á að þau lið sem möguleika höfðu á að komast í úrslitaleikinn á Laugardalsvelli, það er að segja ÍA, Þór og Afturelding, leiki á hlutlausum velli um rétt til þátttöku í úrslitaleiknum.

**Málsaðstæður:**

Þálfari 5. flokks karla hjá Knattspyrnufélagi ÍA, Jón Hugi Harðarson notaði vísvitandi leikmenn úr A-liði í leiki B-liðs. Með því jók hann líkur á að koma ÍA í úrslitaleikinn þar sem stig A- og B- liða telja

saman til árangurs. Þetta háttalag gerði keppnina tilgangslausa fyrir Aftureldingu sem hafði lagt út 150.000 kr. kostnað í ferðalög og fæði auk vasapeninga 2.000 kr. á hvern dreng.

**Lagatilvitnanir**
Reglugerð KSÍ um knattspyrnumót kafli 3.9.6.1. grein 4.
Reglugerð KSÍ um knattspyrnumót kafli 3.9.6.1. grein 11.
Reglugerð KSÍ um knattspyrnumót kafli 4.3. grein 1.

**Skýrslutökur fyrir dómi**
Fyrir hönd Knattspyrnudeildar Aftureldingar áskil ég mér rétt til þess að reifa málið frekar, koma með ný gögn, málsástæður, mótmæli, lagarök og vitni, á síðari stigum málsins.

Mosfellsbæ 22.8.2002
f.h. Knattspyrnudeildar Aftureldingar
Sigurður Þ. Árnason
Formaður Knattspyrnudeildar Aftureldingar

***Úrskurður Dómstóls KSÍ***
Samkvæmt 2. tl. 7. greinar laga um dómstóla Knattspyrnusambands Íslands skal formaður dómsins svo fljótt sem hægt er taka afstöðu til þess hvort einhverjir formgallar semkvæmt 6. grein sömu laga geri að verkum að málið sé ekki tækt til meðferðar. Séu slíkir gallar á málinu skal dómsformaður vísa málinu frá dómi með úrskurði.
Reynt hefur verið að ná sáttum um nokkurra daga skeið, en þær umleitanir hafa reynst árangurslausar.

Að mati undirritaðs uppfyllir kæra kæranda ekki skilyrði 6. greinar áðurnefndra laga, einkum varðandi 4. tl. 2. mgr. varðandi kröfugerð. Að mati dómarans er málið ekki dómtækt á grundvelli framangreindrar kröfugerðar.

Af framangreindum ástæðum er máli þessu vísað frá dómi.

Því úrskurðast:
Máli þessu er vísað frá dómi.

Seltjarnarnesi 26. ágúst 2002
F.h. Dómstóls KSÍ
Gunnar Guðmundsson hdl.
Dómsformaður

*Kæra til Dómstóls KSÍ*
*Kæra Aftureldingar*

**Kröfugerð**

1) Að undanúrslitaleikir A- og B-liða Aftureldingar og ÍA í Íslandsmóti 5. flokks er fóru fram þann 18. ágúst sl. verði dæmdir ógildir og verði látnir fara fram að nýju á hlutlausum velli.
2) Að þjálfari 5. flokks Knattspyrnufélags ÍA, Jón Hugi Svavar Harðarson, kt. 210663-3049, verði dæmdur til hæfilegrar refsingar, leikbanns eða útilokunar frá keppni, fyrir það brot að hafa notað ólöglega leikmenn úr A-liði í leik B-liðs 5. flokks ÍA gegn B-liði 5. flokks Aftureldingar þann 18. ágúst sl. Eftir atvikum er þess einnig krafist að Knattspyrnudeild ÍA verði dæmd til sektargreiðslna í samræmi við lög KSÍ.

Að auki er þess krafist að dómstóllinn úrskurði kæranda hæfilegan málskostnað úr hendi kærðu.

**Málsástæður og önnur atvik**
Dagana 16.-18. ágúst 2002 fór fram úrslitakeppni Íslandsmóts 5. flokks drengja í knattspyrnu. Mótið var haldið á Húsavík. Mótið fer fram með þeim hætti að til keppni mæta A- og B-lið hvers þátttakanda. Hver viðureign er samsett úr tveimur leikjum, þ.e. leik A-liðs félaganna og leik B-liðs félaganna. Sigur í B-liðs viðureigninni gefur 2 stig, en sigur í A-liðs viðureign 3 stig. Leikur B-liðanna fer fram fyrst og því liði sem vinnur hann nægir jafntefli í leik A-liðanna til þess að sigra í viðureigninni. Það má segja að um sé að ræða fyrri og seinni hálfleik þar sem í fyrri hálfleik mætast B-lið en í seinni hálfleik A-lið.

Í undanúrslitum framangreindrar úrslitakeppni mættust lið Aftureldingar og ÍA. Á pappírunum var B-lið Aftureldingar sterkara en B-lið ÍA, en því var að nokkru öfugt farið með A-liðin. Drengirnir í 5. flokki og forráðamenn sáu það því fyrir sér að B-liðið myndi hafa sigur og því væru 2 stig komin í hús, A-liðið gæti því spilað upp á jafntefli í sínum leik og það myndi því nægja til þess að komast í úrslitaleikinn.

Þjálfari 5. flokks ÍA, Jón Hugi Svavar Harðarson, sá hins vegar við þessu. Hann brá á sama ráð og hann hafði gert árið áður, hann notaði leikmenn úr A-liði félagsins til þess að styrkja B-liðið og tryggja að B-liðið hefði sigur í leik sínum við B-lið Aftureldingar. Þarna braut hann vísvitandi gegn 12.tl.gr. 3.9.6.1.rg. KSÍ um knattspyrnumót, en þar segir m.a. að leikmaður geti aðeins leikið fyrir eitt lið félags (A- eða B-lið) í úrslitakeppni.

Nú hafði áætlun drengjanna í Aftureldingu beðið skipsbrot, B-liðið hafði tapað sínum leik, það nægði því ekki lengur að ná jafntefli í leik A-liðanna. Drengirnir voru miður sín og fundust þeir hafa verið sviknir, margir þeirra grétu. Það var alltaf vitað að leikur A-liðanna yrði erfiður, sérstaklega eftir vonbrigðin með B-liðs leikinn, enda kom það á daginn að Afturelding tapaði. Vonbrigðin voru sár fyrir drengina sem fannst á sér brotið og að ÍA hefði komist áfram á svindli. Búið er að reyna að ala upp í drengjunum að drengskap skuli hafa að leiðaljósi og að svindl eigi ekki að sjást á leikvellinum, hætt er við því að það hljómi að einhverju leyti innatómt í eyrum drengjanna í dag.

Forráðamenn Aftureldingar gerðu athugasemdir við mótsstjórn og eins forráðamenn Þórs sem áttu nú að mæta ÍA í úrslitaleiknum. Þórsarar neituðu að mæta ÍA fyrr en mótsstjórn hafði tekið á málinu. Mótsstjórn ákvað að dæma úrslit í leik B-liða Aftureldingar og ÍA ógild og að Afturelding hafði farið með sigur af hólmi í þeim leik. Réttast hefði hins vegar verið að dæma leik A-liðanna einnig ógildan, þar sem leikur B-liðanna er órjúfanlegur hluti af honum. Þegar Jón Hugi, þjálfari ÍA drengjanna kom af fundi mótsstjórnar fagnaði hann enda sigri hrósandi og taldi sig hafa sloppið mjög vel. Vitni að þessu urðu margir drengjanna í Aftureldingu og forráðamenn félagsins.

Ljóst er að á þessu máli þarf að taka, þjálfarar yngri flokkanna eiga ekki að geta komist upp með ódrengileg vinnubrögð sem þessi. Um er að ræða ólíðandi verknað gagnvart drengjunum. Það er einnig mikilvægt fyrir gott samstarf klúbbanna í millum að á þessu máli sé tekið í eitt skipti fyrir öll. Knattspyrnudeild Aftureldingar telur því eðlilegt og sanngjarnt fyrir alla aðila að drengirnir í A- og B-

liði 5. flokka Aftureldingar og ÍA fái að leiða saman hesta sína að nýju og útkljá hvorir séu betri, án þess að haft sé rangt við.

Bent er á að knattspyrnudeild ÍA hefur með bréfi dags. 23. ágúst viðurkennt að haft hafi verið rangt við þegar tilfærsla fór á leikmönnum milli A- og B-liða í úrslitakeppninni og eru hlutaðeigandi félög beðin afsökunar í bréfinu. Um er að ræða ítrekaða kæru til dómstólsins, en fyrri kæra sætti frávísun, sbr. 2. tl. 7. gr. Samkvæmt 2. tl. 5. gr. laga um Dómstól KSÍ hefur kærandi þriggja daga frest til að skjóta málinu aftur til dómstólsins.

**Lagarök**
Vísað er til gr. 3.9.6.1. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót, einkum 4., 11. og 12. tl. Í 4.tl. segir að sameiginlegur stigafjöldi A- og B-liða ráði röð félaganna. Í 11. tl. segir að B-lið skuli leika á undan A-liði og það félag sem hljóti fleiri stig samanlagt úr leikjum B- og A-liða skuli standa uppi sem sigurvegari. Þá er vísað til 1. tl. gr. 4.3. og 3. tl. gr. 4.4 um sektir. Þá er vísað til 16. gr. laga um Dómstól KSÍ.

**Framlögð skjöl og skýrslutökur**
Lagt er fram bréf knattspyrnudeildar Þórs dags. 20. ágúst 2002 og bréf knattspyrnudeildar ÍA, dags. 23. ágúst 2002. Að auki er áskilinn réttur til þess að reifa málið enn frekar og leggja fram frekari gögn, málsástæður, mótmæli og kalla til vitni til skýrslugjafar á síðari stigum málsins.

Reykjavík, 28. ágúst 2002
f.h. Knattspyrnudeildar Aftureldingar,
f.h. Sigurður Þ. Árnasonar, formanns.
Vilhjálmur Bergs, hdl.

***Greinargerð ÍA***
Unglinganefnd Knattspyrnufélags ÍA (UKÍA) og aðalstjórn Knattspyrnufélags ÍA (KÍA) vilja taka eftirfarandi fram:
Í úrslitakeppni 5. fl. karla sem haldin var á Húsavík dagana 16.-18. ágúst sl. Fór fram tilfærsla á milli A og B liða ÍA. Ljóst er að tilfærsla á milli liða er ekki heimil í úrlsitakeppni samkvæmt reglum KSÍ. Eftir að heim var komið hefur unglinganefndin farið yfir þetta mál með þjálfara 5. fl. karla og fleirum, m.a. aðalstjórn KÍA og yfirþjálfara yngri flokka félagsins. Sameiginleg niðurstaða allra þessara aðila er sú að harma beri að þetta kom fyrir og að biðja KSÍ og öll félög sem tóku þátt í ofangreindri úrslitakeppni afsökunar. Við óskum eftir því að KSÍ komi afsökunarbeiðni þessari til allra viðkomandi félaga.

UKÍA mun gera allt sem í hennar valdi stendur til að koma í veg fyrir að atvik sem þetta endurtaki sig.

Akranesi 23. ágúst 2002

Með kveðju,

| | |
|---|---|
| Haraldur Friðriksson | Hörður Helgason |
| formaður UKÍA | formaður aðalstjórnar KÍA |

***Greinargerð Þórs***
Um síðustu helgi tók 5. flokkkur drengja frá Þór þátt í úrslitakeppni sem haldin var á Húsavík. Þar var í riðli með okkar drengjum lið ÍA. Við spiluðum við þá í riðlakeppninni á föstudegi og töpuðum mjög naumlega í B-liðum en frekar illa í A-liðum. Tiltölulega reyndur þjálfari ÍA manna (stýrði m.a. 5. fl. í úrslitum á móti okkar drengjum í hörkuleikjum í fyrra á Egilsstöðum) færir þá til leikmann eða leikmenn (drengirnir okkar og margir áhorfendur segja a.m.k. tvo leikmenn) á milli liða sem er stranglega bannað. Það er ljóst að ÍA-menn viðurkenna að hafa brotið reglur. Samkvæmt leikskýrslum ÍA voru umræddir leikmenn í B-liði. Það er ljóst að þeir spiluðu föstudagsleikinn gegn okkur með A-liði en úrslitaleik á sunnudegi með B liði (þó held ég að annar þeirra hafi ekkert fengið

að spila í sunnudagsleik svo undarlegt sem það nú er !!). Í okkar huga hefur ÍA því verið með ólöglegt A-lið á föstudegi gegn okkur.
Það skal koma fram að við gerðum formlegar athugasemdir við mótsstjórn áður en sunnudagsleikir fóru fram. Nú er það svo að við viljum vinna viðureignir okkar á leikvellinum og þar töpuðum við. Þess vegna var ætlunin að láta kyrrt liggja að mestu. Nú er hins vegar staðan sú að Afturelding ætlar ekki að una því að ekkert verði gert í málinu og þar sem þeir biðja okkur að taka afstöðu í málinu var tekin sú ákvörðun að bera fram formlega kvörtun og biðja KSÍ að taka á málinu. Rétt skal vera rétt !
Við höfum í raun ekki mikinn áhuga á að hegna 11-12 ára drengjum fyrir heimskupör þjálfara og kærum því ekki. Líklegast væri eðlilegast að þjálfari væri látinn gjalda þess ekki síst þar sem hann hefur viðurkennt að hafa haft rangt við í fyrra líka í úrslitum á Egilsstöðum þar sem Þórsarar og Skagamenn áttust við um sæti í úrslitaleik. Síðan má ekki gleyma því að það eru grátandi drengir bæði á Akureyri og Mosfellsbæ sem tala um svindl !!
Við höfum engan áhuga á að efna til leiðinda milli ÍA og Þórsara og vonandi verða ekki miklir eftirmálar af þessu.
Við sögðum á Húsavík að við tækjum því sem KSÍ ákvarðaði þá (spiluðum sunnudagsleikina þrátt fyrir að margir segðu að við ættum ekki að gera það) og við munum að sjálfsögðu gera það einnig nú.

Með kveðju,
Páll V. Gíslason þjálfari
Sigurjón Magnússon formaður unglingaráðs

***Lið ÍA dregið úr úrslitakeppni 5. flokks karla***

Unglinganefnd KÍA (UKÍA) ákvað á fundi sínum í færkvöldi að draga lið 5. flokks karla út úr úrslitakeppni Íslandsmótsins.
Ástæða þessarar ákvörðunar eru atvik sem komu upp í úrslitakeppni sem fram fór á Húsavík dagana 16.-18. ágúst sl., þar sem leikmenn voru færðir á milli A- og B-liða, en slíkt er ekki heimilt samkvæmt reglum KSÍ. UKÍA hefur áður beðið KSÍ og öll félögin sem tóku þátt í þessari úrslitakeppni afsökunar með bréfi dags. 23. ágúst sl.
Ljóst er að þótt þjálfara 5. flokks ÍA hafi orðið á afdrifarík mistök, kom einnig í ljós í þessu máli að í framkvæmd úrslitakeppninnar á Húsavík virtust vera brotalamir, t.d. var ekki séð til þess að leikskýrslur væru lagðar fram á réttum tíma.
Það er ósk okkar að þetta mál verði hvati að því að KSÍ skerpi framkvæmd sína á Íslandsmótum yngri flokkanna og standi jafnframt fyrir kynningarátaki um reglur sambandsins í þessu efni.

Akranesi 29. ágúst 2002
Með kveðju,
Haraldur Friðriksson
Formaður UKÍA

***Kæra Aftureldingar dregin til baka***

Hér með er dregin til baka kæra frá knattspyrnudeild Aftureldingar á hendur knattspyrnufélagi ÍA dagsett 28. ágúst 2002, þar sem Knattspyrnufélag ÍA hefur dregið sig út úr íslandsmótinu í 5. flokki karla.

Virðingarfyllst,
F.h. Knattspyrnudeildar Aftureldingar
Valdimar Leó Friðriksson

**Mál nr. 5**

**Knattspyrnudeild Reynis**
**gegn**
**Knattspyrnudeild Leikni F.**

***Kæra Reynis S.***
Með vísan í grein 1.2 *Hlutgengi* í Reglugerð KSÍ um knattspyrnumót kærir knattspyrnudeild Ksf. Reynis Ungmennafélagið Leikni fyrir að mæta ólöglega skipað til leiks í leikjum félaganna í úrslitakeppni 3. deildar karla 2002, annars vegar 24.08.2002 á Fáskrúðsfjarðarvelli og hins vegar 27.08.2002 á Sandgerðisvelli. Í báðum leikjunum var Steinþór Pétursson (kennitala 300762-7869) skráður í leikmannahóp Leiknis. Samkvæmt upplýsingum á heimasíðu KSÍ (www.ksi.is) er hann skráður í KBS og getur því ekki talist gjaldgengur með liði Leiknis (sbr. grein A.1 í Reglugerð KSÍ um félagaskipti leikmanna).
Með vísan í grein 4.3 *Ólöglega skipað lið* í Reglugerð KSÍ um knattspyrnumót krefst knattspyrnudeild Ksf. Reynis að úrslitum ofangreindra leikja verði breytt í 3-0 Reyni í vil.
Meðfylgjandi er útprentun af heimasíðu KSÍ (www.ksi.is) dagsett 28.08.2002 af leikskýrslum ofangreindra leikja ásamt útprentun af sömu síðu dagsett 28.08.2002 sem sýnir skráningu Steinþórs Péturssonar í KBS.
Með vísan í 8. grein – Flýtimeðferð máls í Lögum um dómstóla Knattspyrnusambands Íslands óskar knattspyrnudeild Ksf. Reynis eftir því að málið fái flýtimeðferð.

Hannes Jón Jónsson
formaður knattspyrnudeildar Ksf. Reynis

***Úrskurður Dómstóls KSÍ***
Ár 2002, mánudaginn 9. september er dómþing Dómstóls KSÍ haldið á skrifstofu KSÍ í Laugardal af Halldóri Frímannssyni dómara. Fyrir er tekið: Mál nr. 1/2002, Knattspyrnud. Ksf. Reynis gegn Ungmennafélaginu Leikni F. Er nú kveðinn upp svofelldur dómur:

**I.**
Mál þetta er höfðað með kæru Knattspyrnudeildar Ksf. Reynis, dagsettri 28. ágúst s.l. Kærði er Ungmennafélagið Leiknir F., Skólavegi 39, Fáskrúðsfirði.

**Kröfur kæranda**
Þess er krafist að Dómstóll KSÍ dæmi kærða fyrir að mæta ólöglega skipað til leiks í leikjum liðanna í úrslitakeppni 3. deildar karla 2002, 24. ágúst s.l. og 27. ágúst s.l. og að úrslitum leikjanna verði breytt í 3-0 Reyni í vil.
Í málinu eru eftirtalin skjöl lögð fram:
Nr. 1. Kæra knattspyrnud. Ksf. Reynis, dags. 28. ágúst 2002, ásamt þremur fylgiskjölum.
Nr. 2. Greinargerð kærða, dags. 2. september 2002.
Nr. 3. Yfirlit yfir félagaskipti úr KBS í öll félög 27.08.92 til 01.09.02, lagt fram af kæranda.
Nr. 4. Yfirlit yfir leikmenn karla KBS fædda 1940 til 2002, lagt fram af kæranda.
Nr. 5. Yfirlit yfir leikmenn karla í Leikni F. fædda 1960 til 1982, lagt fram af kæranda.
Nr. 6. athugasemdir KSÍ dags. 4. september 2002.
Halldór Frímannsson dómari í Dómstól KSÍ fékk mál þetta til afgreiðslu 30. ágúst 2002.

**II.**
Kærði krefst þess að dómurinn hafni kæru Reynis og vísar til þess að KBS, sem standi fyrir Knattspyrnubandalag Suðurfjarða, sé ekki lengur til og hafi raunar aldrei verið til sem sérstakur aðili að KSÍ. Um hafi verið að ræða bandalag þriggja félaga á suðurfjöðum Austurlands um að senda lið til þátttöku í Íslandsmótum í knattspyrnu 1993 og 1994. Frá 1995 hafi Leiknir F. sent lið til þátttöku í eigin nafni. Þá hafi kærði aldrei óskað eftir því að Steinþór yrði færður yfir í KBS. KSÍ hafi gert það án þess að um það væri beðið og án þess að þess væri þörf. Kærði og Steinþór sjálfur hafi ávallt

staðið í þeirri trú að hann væri réttilega skráður í Leikni F. Jafnframt er á það bent að Steinþór hafi ekki spilað með í hvorugum leiknum.
Að tilhlutan dómsins var óskað eftir skriflegum athugasemdum KSÍ um málið. Þar kemur fram að það vinnulag hafi verið tekið upp hjá KSÍ að leikmaður var skráður í það lið sem hann lék með ef liðið var ekki félag innan ÍSÍ, eins og á við um KBS í þessu tilfelli. "Þessu til skýringar þá voru leikmenn ÍBV auðvitað félagsmenn Týs eða Þórs þó þeir væru skráðir í ÍBV. Í þá daga var ÍBV íþróttabandalag en ekki félagslið. Á sama hátt stóð KBS fyrir Knattspyrnubandalag Suðurfjarða og var sameiginlegt lið félaga á suðurfjörðum Austurlands (Súlan, Hrafnkell Freysgoði og Leiknir F.). Vitanlega var leikmaður sem var skráður í KBS í Fjölniskerfinu ekki félagsmaður í KBS heldur í Súlunni, Hrafnkeli Freysgoða eða Leikni F.".

**III.**
**Álit dómsins**
Málavextir eru óumdeildir. Fram er komið að Steinþór Pétursson er skáður í Knattspyrnubandalag Suðurfjarða (KBS), sem var bandalag kærða, Súlunnar og Hrafnkels Freysgoða, um að senda lið til keppni 1993 og 1994. Frá þeim tíma hefur kærði sent lið til keppni undir eigin merkjum. Þá er fram komið að KSÍ skráði leikmenn í KBS til hægðarauka, þar með talið Steinþór Pétursson, án vitundar kærða, en gengur út frá því að leikmenn séu félagar í sínum liðum. Þannig hefur KSÍ frá 1994 veitt þær upplýsingar um Steinþór Pétursson að hann sé félagi í Leikni F. Jafnframt er fram komið að kærði lítur svo á að Steinþór Pétursson sé í Leikni F. og teflir honum fram í keppni í góðri trú.
Með vísan til þessa er Steinþór Pétursson félagi í Leikni F. Kröfum kæranda um að Dómstóll KSÍ dæmi kærða fyrir að mæta ólöglega skipað til leiks í leikjum liðanna í úrslitakeppni 3. deildar karla 2002, 24. ágúst s.l. og 27. ágúst s.l. og að úrslitum leikjanna verði breytt í 3-0 Reyni í vil er hafnað.

**Dómsorð**
Kröfum kæranda er hafnað.
Halldór Frímannsson, dómari